

Þorpið í Flatey á Breiðafirði

Byggða- og húsakönnun



Guðmundur L. Hafsteinsson

Reykhólahreppur

2006

Reykholahreppur
Maríutröð 5a
380 Reykhólar
Sími 434 7880
Tölvupóstur: skrifstofa@reykholar.is
Vefsíða: www.reykholar.is

Texti og hönnun:

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt

Ljósmyndir:

Guðmundur L. Hafsteinsson nema annars sé getið í myndatexta

Kortavinnsla:

Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt FAÍ

Prófarkalestur:

Jón Torfason skjalavörður

Prentun:

Prentmet Vesturlands

Byggða- og húsakönnun í Flatey 2006 og útgáfa hennar 2010 var styrkt af Húsafriðunarsjóði

© Reykhólahreppur og höfundur.
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	4	Hús í Plássinu	33
Samantekt	5	Ásgarður	33
Byggð og landslag	6	Ásgarðshjallur	34
Breiðafjörður	6	Vogur	35
Flatey	7	Eyjólfshús	36
Söguágrip	9	Eyjólfspakkhús	37
Stiklað á stóru	9	Stórapakkhús	38
Verslun í Flatey á 15. – 18. öld	9	Bjössahjallur	38
Stofnað til verslunar og fiskvinnslu	10	Samkomuhúsið	39
Af kaupmönnum í Flatey	10	Vorsalir	40
Þorpið 1818	12	Skansinn	41
Þorpið 1840	12	Relluturn	41
Þorpið 1906	13	Hús við Vertshússtíg	42
Kort Samúels Eggertssonar 1906	14	Bentshús	42
Bæjarumhverfi	15	Vinaminni	43
Ríkjandi þættir	16	Vertshús – vesturendi	44
Byggðamynstur	17	Vertshús – austurendi	45
Einstök göturými og áberandi hús	18	Myllustaðir	45
Hús og heildir utan þorpsins	20	Strýta	46
Byggingarhefð og húsagerðir í þorpinu	22	Bjarg	46
Kort yfir byggingartímabil húsa	23	Einarshús	47
Kort yfir byggingarefni húsa	24	Hús austan við Skansmýri	48
Húsin – saga og lýsingar	25	Sólheimar	48
Þorpið 2006, kort	25	Útihús	48
Hús á Hólum	26	Skólahúsið	49
Flateyjarkirkja	26	Dæluhús	49
Bókhlaða	27	Alheimur	50
Klausturhólar	28	Hjallur	50
Hús á Bakka og Brekku	29	Hús við Holustíg	51
Sólbakki	29	Bræðraminni	51
Sunnuhvoll	29	Hjallur	51
Hús í Hærra-Kaupstað	30	Bogabúð	52
Félagshús	30	Berg	52
Hermannshús	31	Vegamót	53
Pakkhús	31	Haflíðaskemma	53
Gunnlaugshús	32	Varðveislumat húsa	54
Hjáleigan	32	Niðurstöður varðveislumats	55
		Kort yfir varðveislumat	56
		Kort hverfisverndarflokka	57
		Tilvísanir	58
		Heimildaskrá	60

Formáli

Sveitarstjórnnum hafa verið falin viss völd, ábyrgð og frumkvæði í skipulags- og byggingarlögum hvað varðar vernd þeirra umhverfisgæða sem falist geta innan marka sveitarfélagsins. Gæðin geta verið af margvíslegum toga og m.a. falist í einstökum húsum, mannvirkjum og húsaþyrpingum sem hafa mikið umhverfislegt, menningarsögulegt og/eða byggingarlistarlegt gildi þó svo að ekki sé talið að þær skuli njóta friðunar samkvæmt lögum um húsafriðun.

Í ljósi þeirrar sérstöðu sem þorpið í Flatey hefur vegna einstaks umhverfis og byggingarlistar einstakra hús ákvað sveitarstjórn Reykhólahrepps að láta vinna byggða- og húsakönnun í Flatey samhliða vinnu við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins.

Byggða- og húsakönnun er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa og er studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.

Byggða- og húsakannanir eru tvíþættar. Annars vegar er fjallað um bæjarumhverfi og hins vegar um einstök hús. Aflað er þekkingar á byggingarlist bæjarumhverfis og einstakra húsa og hún studd staðfræðilegum og sagnfræðilegum athugunum og getur orðið grunnur að stefnumörkun um varðveislu byggðar og húsa í aðal- og deiliskipulagi.

Niðurstöður byggðakönnunar í Flatey voru notaðar til þess að skilgreina og afmarka svæði sem njóta á hverfisverndar í aðalskipulagi og tekur það til þorpsins og nánasta umhverfis þess. Niðurstöður húsakönnunar verða síðar notaðar við endurskoðun á deiliskipulagi þorpsins og þar verður gerð frekari grein fyrir hugsanlegum verndarákvæðum og endurnýjun og uppbyggingu.

Markmiðið með hverfisvernd er að tryggja eins og mögulegt er varðveislu byggðarinnar og einstakra húsa og að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða á einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Húsafriðunarnefnd eru færðar þakkir fyrir að styrkja gerð og útgáfu byggða- og húsakönnunar í Flatey.

Óskar Steingrímsson
sveitarstjóri Reykhólahrepps

Samantekt

Byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey á Breiðafirði var unnin fyrir Reykhólahrepp með hléum á tímabilinu frá júní 2006 til júní 2007. Könnunin var gerð í samvinnu við Húsafríðunarnefnd og fyrir styrk úr Húsafríðunarsjóði.

Heimildaöflun fór fram fyrra hluta árs 2006, vettvangskönnun var gerð sumarið 2006 en úrvinnsla og niðurstöður unnar síðla hluta ársins og á fyrri hluta árs 2007. Vinnu við greinargerð þessa var að mestu lokið í sumarbyrjun 2007 og var hún síðan tekin til umfjöllunar hjá sveitarstjórn og niðurstöður könnunarinnar notaðar við endurskoðun á aðalskipulagi Reykhólahrepps. Eftir yfirlestur og fáeinar breytingar á vor- og haustmánuðum 2010 var ákveðið að gefa greinargerð þessa út síðla árs 2010.

Helstu niðurstöður byggða- og húsakönnunar í Flatey eru þær að þorpið býr yfir sérstökum gæðum sem óvída eru ennþá til staðar í sama mæli í svo fáum húsum sem hér um ræðir. Það kemur vart neinum á óvart sem til þekkir. Þessi gæði eru bundin umhverfi húsanna, samstæðum húsa, þorpinu sem heild og einstökum húsum. Minnstu inngríp eða breytingar á húsum geta því haft veruleg áhrif á ásýnd byggðar. Sérstæða þorpsins er slík að ekki verður litið fram hjá þeirri staðreynd að mikilvægi þess er ekki einungis bundið við Flatey eða Reykhólahrepp heldur landið allt.

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 var samþykkt af sveitarstjórn 20. nóvember 2008 og staðfest af umhverfisráðherra 24. ágúst 2009. Í staðfestri greinargerð með aðalskipulaginu segir svo á bls. 86 um hverfisvernd fyrir þorpið í Flatey og aðliggjandi svæði:

Þorpið býr yfir sérstökum gæðum sem eru bundin umhverfi húsanna, þorpinu sem heild og einstökum húsum, sem hvergi eru ennþá til staðar í sama mæli á landinu. Um er að ræða þyrpingu um 40 gamalla timburhúsa sem mynda fjölbreytt bæjarmynstur. Norðan og austan þorpsins er strandsvæði með bryggjum, gördum og vörum s.s. Silfurgarður, Stórigarður og Eyjólfsbryggja sem eru merkir minnisvarðar um tilraunir í hafnarbótum við Flatey. Á strandsvæðinu er auk þess fjölbreytt fuglalíf. Innan svæðisins og í jadhri þess eru mýrarnar; Skansmýri, Innstabæjarmýri og Brekkubæjarmýri sem hafa takmarkað byggðapróunina og eru ekki framræstar. Suðurhluti hverfisverndaða

svæðisins nær yfir kirkjuna, kirkjugarðinn og Klausturhóla þar sem talið er að landnámsbærinn hafi staðið.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

f. Halda skal byggingafrákvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

g. Fylgja skal skilmálum í fyrirbyggjandi deiliskipulagi fyrir þorpið þar sem markmið eru sett fram um að styrkja þorpsmyndina eftir því sem kostur er og stuðla að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heild.

h. Leyfilegt er að reisa tvö ný hús á lóðum þar sem áður stóðu hús og skulu þau falla að þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar útlit og yfirbragð.

i. Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.

Nauðsynlegt er að samvinna um stefnumótun um nánari útfærslu hverfisverndar í Flatey verði tekin upp á milli sveitarstjórnar Reykhólahrepps, Húsafríðunarnefndar og annarra lögaðila við frekari útfærslu í deiliskipulagi. Í þessu tilliti ber að minna á ákvæði laga um húsafríðun sem varðar umsagnarskyldu Húsafríðunarnefndar vegna breytinga, flutnings eða niðurrifs húsa sem byggð eru fyrir árið 1918 auk samþykkis nefndarinnar hvað varðar framkvæmdir við friðuð hús.

Þess ber að geta að Húsafríðunarnefnd óskaði í byrjun verksins eftir því við undirritaðan að húsinn yrðu einnig skoðuð að innanverðu og lýsing á húsunum skráð. Var það gert til að fá heildaryfirsýn yfir húsinn öll, m.a. vegna umræðu mörg undanfarin ár um hugsanlega friðun húsanna. Skráning á frágangi húsa að innan er að jafnaði ekki gerð í byggða- og húsakönnun. Með greinargerð þessari er því birt lýsing og stutt söguumfjöllun um hvert hús sem skráð var. Slíkt efni er valkostur fyrir sveitarfélög, sem láta vinna byggða- og húsakönnun, og var þess leið valin hér til að koma til móts við áhuga eiganda og þeirra fjölmörgu gesta sem sækja Flatey heim ár hvert.

Sveitarstjórum Reykhólahrepps og Húsafríðunarnefnd eru færðar góðar þakkar fyrir samvinnu við gerð könnunarinnar sem og þeim fjölmörgu húseigendum í Flatey sem góðfúslega sýndu hús sín, veittu margvíslegar upplýsingar um þau og gerðu ábendingar um það sem betur mætti fara í greinargerðinni.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson, arkitekt

Byggð og landslag



Flatey og Vestureyjar á Breiðafirði. Landmælingar Íslands.


Breiðafjörður

Flatey er á Breiðafirði norðanverðum og telst til svonefndra Vestureyja, víðáttumikillar eyja- og skerjabyrpingar sem heyrir til Barðastrandarsýslu. Flestar Vestureyjar tilheyrðu Flateyjarhreppi, sem sameinaður var Reykhólahreppi árið 1987. Í hinum forna Flateyjarhreppi voru lengi vel átta byggðar eyjar; Flatey, Hergilsey, Svefnreyjar, Hvallátur, Skáleyjar, Sviðnur, Bjarneyjar og Stagley. Að auki var byggð í Sauðeyjum í Vesturbbyggð. Hverri þeirra fylgja margar úteyjar sem kallaðar eru lönd, t.d. Flateyjarlönd, og margar aðrar eyjar heyrir undir jarðir uppi á fastalandinu.

Til Vestureyja teljast um 600 grasvaxnar eyjar og hefur hver sitt nafn auk fjölda skerja. Grunnsvævi er nánast á öllu svæðinu sem Vestureyjar ná yfir með víðlendum fjörusvæðum, skerjaflákom, stökum skerjum, blindskerjum og boðum.¹ Jökla og vatn hafa sorfið landslag við og á Breiðafirði en á

eyjunum ekki fundist jökulrákir nema í Skáleyjum.²

Lífríki Breiðafjarðar er ríkulegt. Grunnsvævið með eyjum, skerjum og fjörum skapar góðar aðstæður fyrir sjávardýr og fiskgengd var mikil í Breiðafirði um aldir og þar er fjölbreytt fuglalíf. Gróðurfar eyjanna er gróskumikið en fjölbreytni gróðurs er mismunandi milli eyja. Á eyjum næst landi er gróðurfar fjölbreytt og svipað því sem gerist á nærliggjandi ströndum en á eyjum utar á firðinum er gróðurfar fábreyttara. Jarðvegur er víðast grunnur, vatnsskortur er víða vandamál og neysluvatn er helst að finna í mýrum stærstu eyjanna. Auk fiskveiða og hefðbundins búskapar nýttu Breiðfirðingar ýmis hlunnindi, m.a. söl, skelfisk, sel, dún, fugl og egg, og nýta enn þann dag í dag þó í minna mæli sé en áður.³



Flatey og nálægar eyjar. Landmælingar Íslands.

Flatey

Flatey er aflöng að lögun, sem flestar aðrar Vestureyjar, um 1850 m að lengd og breiðust um 400 m. Hún snýr út og inn fjórðinn eða í vestsuðvestur-austnorðaustur. Eyjan er flöt eins og nafnið bendir til, en þó ekki marflöt því að um miðbik hennar að endilöngu gengur 10-12 m hár hryggur og hallar landi niður að ströndinni að sunnan og norðan. Sunnan megin við háhrygginn er nær jafn halli til sjávar en að norðanverðu er allhár bakki eða barð og mýrarsund milli þess og hamrabeltis meðfram norðurströndinni.

Á vesturenda Flateyjar eru hólar tveir, Ytri- og Innri-Tröllendi, og liggur hryggurinn frá þeim austur fyrir Klausturhóla en þar breiðir háhryggurinn úr sér og nær svo að segja stranda á milli. Á austurenda á strandarinnar að norðanverðu er Lundaberg, 13,2 m hátt klettabelti, hæsti hluti eyjarinnar. Á háhryggnum, Hólum, og á suðurhluta

eyjarinnar var fyrrum aðalbúsvæði eyjarskeggja. Land lækkar skart á sunnanverðum austurendanum að lágu eyði, Mjósundi, sem tengist Eyjarenda, austasta hluta Flateyjar. Suður af Eyjarenda er hólma- og eyjarani sem eru heimalönd Flateyjar, Flateyjarheimalönd, og er gengt í sumar þeirra um fjöru. Næst Eyjarenda er Akurey, þá Langey, Kerlingarhólmi, Hádegishólmi og Geirshólmi. Vestar eru Innri- og Ytri-Máfeyjar, Stakhöfði, Flathólmi og Lágmúli. Á milli Flateyjar, suður að Tröllenda, og Heimalanda er Hólsbúðarvogur, sem fyrrum nefndist Flateyjarvogur. Vogurinn skiptis í tvo hluta af skerjum sem liggja um hann þveran; Þrísker og Svartbakasker. Hólsbúðarvogur er opinn til vesturs, en Hjallasker, sem er fyrir miðjum veginum suður af Tröllenda, ver hann nokkuð fyrir vestanöldu. Hafskipabryggja er á suðurhluta Tröllenda við ytri hluta Hólsbúðarvogs.



Flatey og heimalönd. Kortagrunnur frá Landmótun.

Á norðurströnd Flateyjar eru víðast lágir klettabakkar með grýttri fjöru fyrir framan. Tveir vogar skerast inn í strandlengjuna; Teinæringsvogur og Grýluvogur og er tangi á milli þeirra. Milli tangans og Bryggjuskers, úti fyrir Grýluvog, er Kerlingarvogur. Í Teinæringsvogi er sandfjara og góð landing, en opin fyrir utanátt. Lítið eitt austar er Vesturbúðavör, og við hana grjóthlaðin og steinsteypt bryggja og upp af henni eru Vesturbúðir. Grýluvogur er austan Vesturbúðavara og er lokað fyrir hann með Silfurgarðinum, hlöðnum grjótgarði sem lokið var við að hlaða árið 1834. Eftir að garðurinn var byggður var farið að kalla Grýluvog Vog en eldri nöfn eru Munaðarvogur og Ferjuvogur. Fyrir botni Vogs og á tanganum norðan hans er Kaupborgið, verslunarplássið sem í daglegu tali var kallað Plássið.⁴

Við Voginn standa verslunar- og íbúðarhús frá blómatíma Flateyjar í verslun og útgerð á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Skansmýri er upp af Vogu austur með norðurströndinni. Umhverfis mestalla mýrina standa íbúðarhús, flest yngri og minni um sig en húsin í Plássinu.

Norðan til á tanganum er Nýjavör, Eyjólfsbryggja og Þýskavör og lítið eitt austar á ströndinni er Stórigarður.

Úti fyrir Flatey norðan við verslunarplássið og fyrrnefndar bryggjur er Hafnarey, skeifulaga klettaeyja sem umlykur lyngnan poll, Flateyjarhöfn eða Höfn. Án hennar hefði Flatey tæplega orðið miðstöð verslunar og útgerðar á Breiðafirði. Þar gátu kaupför legið við festar í öruggri höfn og í góðu skjóli fyrir öllu áttum nema í verstu vestanátt þegar gefið getur yfir rif á milli vesturhluta Hafnareyjar og Hafnarhólma. Norðurhluti Hafnareyjar er hæstur, en að suðaustanverðu er klettaneft sem nefnt er Hafnartá eða Hafnartangi en gengt henni að suðvestanverðu er Hafnarhólmi. Sundið á milli Flateyjar og Hafnareyjar kallast Hafnarsund og þar er straumur þyngri en í öðrum Vestureyjasundum.⁵ Staðhættir við Flatey norðanverða voru ákjósanlegir fyrir útgerð og verslun og réðu úrslitum um að Flatey varð verslunarstaður og að verslunarhúsum var valinn staður á ströndinni sunnan Hafnareyjar.

Söguágríp

Búseta í Flatey er rakin aftur til landnáms og þar hafa búið ýmsir höfðingjar sem komið hafa við sögu lands og lýðs. Hér verður sú merka saga ekki sögð heldur stiklað á stóru og þá einkum í verslunar- og byggingarsögu þorpsins.

Stiklað á stóru

Samkvæmt Landnámu nam Þrándur mjóbeinn Vestureyjar og bjó í Flatey. Landkostir hafa löngum verið góðir í Flatey; jarðvegur frjósamur, lítil snjóalög, fjörubeit örugg og gnægð fiskjar, sels, fugla og eggja. Akuryrkja hefur líklega verið stunduð þar framan af öldum ef marka má örnefni. Stórbændur bjuggu því löngum í Flatey. Einn þeirra var Þorsteinn Gyðuson en í hans tíð var sett klaustur í Flatey 1172 og stóð til 1184 er það var flutt að Helgafelli. Klaustrið stóð á Klausturhlum en einu sjáanlegu minjar um það er Klaustursteinn, sem í er klappaður bolli sem vígt vatn var haft í.


Jón Finnsson stórbóndi í Flatey færði Brynjólfi Sveinssyni biskupi Flateyjarbók að gjöf 1647. Flateyjarbók, sem skrifuð var í Víðidalstungu í lok 14. aldar, hafði þá verið í eigu ættmenna Jóns frá því um miðja 15. öld að talið er og lengst af varðveitt í Flatey. Afi Jóns Finnssonar, Björn Jónsson, eignaðist Flatey um 1520 og hélt um 30 húskarla og er talið út frá því að heimilisfólk hans hafi verið um 100 manns. Þegar manntalið er tekið í Flatey 1703 hafði jörðinni verið skipt í marga hluti og bjuggu þá þar 106 manns á um 20 heimilum. Árið 1801 er 81 maður búsettur í Flatey en 143 árið 1845 á 23 heimilum þar af voru 17 tómthús. Svipuð íbúatala hélst út 19. öldina.

Ólafur Sívertsen prófastur í Hólsbúð og kona hans Jóhanna Friðrika Eyjólfsdóttir höfðu forgöngu um mikilvæg framfara- og menningarmál, stofnuðu m.a. Flateyjar-framfarastiftun 1833 og ráku heimaskóla í um 20 ár og búnaðarskóla í tvö til þrjú ár. Gætti áhrifa þessa víða og lengi á þjóðfrelsisbaráttu landamanna m.a. á Kollabúðafundunum. Einn nemandi búnaðarskólans var Torfi Bjarnason sem síðar stofnaði búnaðarskóla í Ólafsdal. Framfarastofnunin lét reisa Bókhöðuna í Flatey 1864 dyggilega studd gjafmildi hjónanna Herdísar og Brynjólfs Benedictsens kaupmanns.

Útgerð og verslun stóð í miklum blóma í Flatey á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Forvígismenn voru helstir Pétur Kúld, Guðmundur Scheving, Björn Sigurðsson og Guðmundur Bergsteinsson og undir lok tímabilsins Kaupfélag Flateyjar og loks útgerðarfélag sem stofnað var eftir seinna stríð og stóð fyrir byggingu frystihúss og hafnargerð á Tröllaenda. Árangur varð ekki í samræmi við væntingar og brátt fór að halla undir fæti og byggð í Flatey tók að leggjast af.⁶

Verslun í Flatey á 15. – 18. öld

Á síðari hluta 15. aldar varð Flatey ein af miðstöðvum enskra duggara sem stundu fiskveiðar og versluðu hér við land. Hansakaupmenn náðu að bola Engendingum frá og versluðu að líkindum í Flatey meginhluta 16. aldar, mun örnefnið Þýskavör komið af þessum verslunarviðskiptum. Páll Jónsson frá Staðarhóli fékk verslunarleyfi í Flatey 1589 og fékk þýskan kaupmann frá Bremen, Bernt Salefeldt sem einnig er nefndur Björn Jónsson í skjölum, til liðs við sig og rak sá verslunina til 1596. Þá fékk danski kaupmaðurinn Klaus Eriksen og danskir félagar hans verslunarleyfið og héldu því þar til einokunarverslun Dana hófst 1602. Lagðist Flatey þá af sem verslunarhöfn og stóð svo fram til 1777. Skip komu þó þangað í verslunarerindum og svo var um hollenska skipið *Mjaltastúlka* sem sökk í Flateyjarhöfn 1659. Önnur hollensk skip komu þangað 1660-1663 og var á einu þeirra íslenskur skipstjóri, Einar Þórðarson frá Tjaldanesi.⁷



Verzlunarstaðurinn í Flatey, Grýluvogur fremst, verzlunarhús við Kaupborg og skip á legunni í Hafnarey. Löwenörn, Poul de. *Den Iislandske Kyst*, 11. Udgivet fra det Kongelige Søekaarte-Archiv 1818. Kiöbenhavn 1818.

Stofnað til verzlunar og fiskvinnslu 1777


Í viðleitni dönsku stjórnarinnar til að bæta atvinnuvegi á Íslandi skipaði hún Landsnefndina fyrri árið 1770. Nefndinni bárust m.a. áskoranir um að stofna kaupstað í Flatey en þá voru næstu verzlunarstaðir Breiðfirðinga Stykkishólmur og Patreksfjörður eða Bíldudalur. Frumkvæði að áskoruninni mun hafa komið frá Davíð Scheving sýslumanni í Haga á Barðaströnd og tengdasyni hans Bjarna Einarssyni síðar sýslumanni í Haga. Höfnin í Hafnarey var könnuð 1775 af Ólafi Olavius og ári síðar af Pétri Andreas Kúld, sem þá var kaupmaður á Patreksfirði, og voru niðurstöður þeirra á þá lund að auk góðrar hafnarstöðu væri nægilegt land undir verzlunarhús við Grýluvog og undir reiti og stakkstæði í Mjósundum. Þeir Davíð og Bjarni rituðu rentu- og tollkammerinu nokkur bréf haustið 1776 og færðu rök fyrir nauðsyn þess að stofna verzlunarstað í Flatey vegna hagsmuna íbúa við Breiðafjörð og vegna góðra aðstæðna í eyjunni. Stjórn konungsverzlunarinnar féllst á málaleita þeirra og ákvað 7. apríl 1777 að stofna til verzlunarstaðar og fiskvinnslu í Flatey. Þá um vorið sendi konungsverzlunin skip til Flateyjar með efni í verzlunarhús og var það reist um sumarið. Yfirsniður þess var Snjólfur Vilhjálmsson beykir sem hafði komið að utan með húsviðina.⁸

Af kaupmönnum í Flatey

Fyrstu árin var verzlunin í Flatey útibú frá konungsverzluninni í Stykkishólmi og 1778 kom Jens Larsen út í Flatey til að veita verzluninni forstöðu. Ekki fórst honum það vel úr hendi né Niels Næfel sem sendur var honum til aðhalds og trausts. Fóru margar sögur af drykkjuskap, hirðuleysi og kvennafari þeirra kumpána og voru þeir loks settir af vorið 1779.

Þá kom til Flateyjar Pétur Andreas Kúld, sem verið hafði við verzlunina í Stykkishólmi undangengin ár, og undir hans stjórn varð verzlunarreksturinn í samræmi þær væntingar sem efni stóð til. Þá um sumarið var byggt annað timburhús í Flatey á vegum konungsverzlunarinnar. Var húsinu valinn staður upp af Þýskuvör,⁹ beint austur af þeim stað þar sem Samkomuhúsið stendur nú og norður af Vorsölum, og í því var krambúð og pakkhús. Þetta hús var síðar kallað Svartapakkhús. Að Pétri Andreas Kúld látnum 1800 tók Eiríkur sonur hans við verzluninni og rak hana til 1815.¹⁰

Guðmundur Scheving, sonur Bjarna Einarssonar sýslumanns, varð sýslumaður Barðstrendinga 1806. Hann gekk til liðs við Jörund hundadagakonung, sem skipaði Guðmund amtmann yfir norðuramtinu, en missti bæði embættin eftir að Jörundur var hrakinn frá. Guðmundur lét ekki deigan síga heldur



Húsin við Grýluvog um árið 1870. Gamalhús ber í mastur skútunnar en öll húsin eru nú horfin nema Hermannshús sem er yst til hægri. Þjms. Sigfús Eymundsson.

keypti Flateyjarverslun árið 1815 og rak hana til dauðadags 1837. Hann var einn af þremur brautryðjendum þilskipaútgerðar hér á landi og lét hlaða Silfurgarðinn fyrir Grýluvog svo skip hans hefðu öruggt vetrarlægi. Ólafur Scheving rak verslunina 1837-1844 en Sigurður Johnsen keypti Flateyjarverslun 1844 og hélt til dauðadags 1870.¹¹

Brynjólfur Bogason Benediktsen kaupmaður, sem kvæntur var Herdísi dóttur Guðmundar Scheving, hóf lausaverslun í Flatey 1836, settist þar að 1840 og stundaði verslunarrekstur til dauðadags 1870.¹² Hann lét byggja Félagshús við Götuskarð upp af Grýlsvogi. Íslendingar fengu fullt verslunarfrelsi 1855 og þegar leið á öldina fjölgaði kaupmönnum í Flatey.

Bent Jónsson kaupmaður lét byggja Bentshús 1871 og rak verslun í nálægu húsi. Hann lést 1873 og þá tók kona hans, Guðný Jóhannesdóttir, við versluninni og rak til 1887 og síðan Jónas sonur þeirra til 1889.

Jón Guðmundsson kaupmaður var í verslunarrekstri með Bent Jónssyni, og eignaðist Flateyjarverslun 1875 og lét byggja Vog 1885.¹³

Verslunarfélag Eyhreppinga rak verslun í Félagshúsi 1873-1888.

Bárar-Ólafur Guðmundsson og Eyjólfur Einar Jóhannsson hófu verslun í nýbyggðu húsi, Eyjólfshúsi, árið 1885 og ráku fram til aldamóta.

Árið 1898 seldu þeir Björn Sigurðsson kaupmaður og Hjálmar, sonur Jón Guðmundssonar kaupmans, Flateyjarverslun inn í nýtt verslunar- og útgerðarfélag, Íslandsk Handels & Fiskericompagni sem að tveimur þriðju hlutum var í eigu danskra auðmanna.¹⁴

Guðmundur Bergsteinsson keypti Gamalhús árið 1900 og hóf þar verslunarrekstur í smáum stíl til að byrja með. Hann lét rífa Gamalhús 1907 og byggði nýtt verslunar- og íbúðarhús, Ásgarð, og sama ár hóf hann útgerð.¹⁵

Árið 1909 keypti Guðni Guðmundsson verslunarrekstur Íslandsk Handels & Fiskericompagni í Flatey en féll frá ári síðar. Guðmundur Bergsteinsson keypti þá verslunareign Guðna og lagði við sína.¹⁶

Bogi Guðmundsson kaupmaður og smiður hóf verslunarrekstur 1908 í Bentshúsi og verslaði í Bogabúð 1910-1962.¹⁷

Hermann S. Jónsson stofnaði verslun í Hermannshúsi og rak hana frá 1913 til 1943. Jónína dóttir hans tók við rekstrinum og rak verslunina fram til um 1970.

Kaupfélag Flateyinga tók til starfa á þriðja áratug 20. aldar og rak verslun í Kaupfélaginu, Vorsölum, fram til um 1958 er það varð gjaldþrota.¹⁸



Flateyjarþorp um aldamótin 1900, Eyjólfsús lengst t.v., því næst sést Saltkjallarinn, Samkomuhúsið, Svartapakkhús, Sölubúðin (Vorsalir), Vogur og á bak við það Gamlhús og skemmur sunnan þess t.h. Þjms. Arnór Egilsson. AE5.

Þorpið 1818

Árið 1818 kom út í Kaupmannahöfn lóðsbók fyrir Ísland.¹⁹ Í henni er m.a. að finna teikningu af Flatey sem sýnir hús við Grýluvog og skip í höfninni í Hafnarey. Stærst húsanna er Gamlhús sem byggt var 1777, með reykháf og litla viðbyggingu við vesturstafn. Austur af því getur að líta lítið hús með toppmyndað þak og umhverfis það virðist vera trégirðing. Norðan við Gamlhús eru tvö hús og er reykháfur á öðru þeirra og er það líklegast krambúðin frá 1779. Austan við það sést þriðja húsið óljóst en húsið að vestanverðu er sennilega pakkhús. Skipið í höfninni er við legufæri og efst uppi á eyjunni er lítið hús eða mannvirki og er nærtækt að ætla að þaðan hafi verið fylgst með skipakomum.

Verslunarhúsið Gamlhús var 11 álnir á hæð, 19 álnir að lengd og 14 álnir á breidd skrifa þeir Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson í Sögu Flateyjarhrepps. Hafi þeir miðað við danska alin, sem á 19. og 20. öld er 62,7 cm, hefur húsið verið 6,9 m hátt, 11,91 m langt og 8,78 m breitt. Það var af bolhúsagerð, sömu gerðar og Húsið á

Eyrbakka, áþekkt því að útliti en lítið eitt minna. Verslunarhúsið var kallað Gamlhús þegar fram liðu stundir, það skemmdist í bruna 1899 og var rífið 1907.

Þorpið 1840

Rúmum tveimur áratugum síðar, 1840 samdi Ólafur Sivertsen, prestur í Flatey 1823-1870, sóknarlýsingu Barðastrandarsýslu og lýsti verslunarstaðnum í Flatey þannig:

„Kauptorgið liggur norður frá kirkjunni, gagnvart Hafnareyjunni, við botninn á Grýluvog eður Munaðarvog. Þar standa tvö timburhús byggð að nýju fyrir 60 árum síðan. Önnur tvö lítilfjörleg hús eru þar af timbri, sem geymslu- og þerrihús. Torfhús lítil eru þar alls sex. Inn á Norðurbökkunum stendur lítil vindmylla 8 ára gömul. Í nefndum Grýluvog er skipastaða fyrir 3 eða 4 þilskip. Þar er fyrir framan, þvert yfir voginn, byggður af stórgrýti mikill garður 40 faðma langur

og tveggja faðma breiður og 1½ faðma hár. Er það mikið verk, og varnar öllum sjóargangi inn í vog þennan, sem verður jafnan þurr á fjöru hverri. Kaupmaður hefir þar ei verið nema einn í senn. Fiskitökuhús eru engin. Sunnan til á eyjunni er eitt þiljuskipahróf, niður frá Garðabæ. Nú eru á Flatey fimm þiljuskip, sem þar eiga heima.”²⁰ Af lýsingu Ólafs má gera ráð fyrir því að timburhúsin fjögur, sem hann getur um í verslunarstaðnum, séu þau sömu og teikningin frá 1818 sýnir. Mikilvæg framför hefur orðið í fiskveiðum; þilskipaútgærd er hafin og Silfurgarðurinn verið hlaðinn fyrir Grýluvog. Íbúum í þorpinu hefur fjölgað og hafa hinir nýju íbúar byggt sér torfhús.

Þorpið 1906

Nýtt timburhús virðist ekki hafa verið byggt í þorpinu fyrr en 1843 en þá lét Brynjólfur Bogason Benediktson kaupmaður og útgerðarmaður smíða hús það sem nú um stundir er kallað Hermannshús og 1851 viðbyggingu við austurstafn þess, Gunnlaugshús. Þessi tvö hús, Félagshús, eru elstu húsin í Flatey. Brynjólfur kom líka að byggingu Bókhöðunnar sem reist var 1864 sunnan við þorpið. Þau hús sem byggð voru í þorpinu fram til 1906 og enn standa eru þessi:

Félagshús 1843 og 1851, Bentshús 1871, Bjarg 1879, Eyjólfshús 1885, Vogur 1885, Vorsalir 1895, Vertshús 1886, Eyjólfspakkhús um 1870-1880 og Samkomuhúsið um 1880-1890. Þá hefur eitt hús varðveist sem upphaflega var byggt úti í Flatey. Það er Kúldshús sem séra Eiríkur Kúld lét reisa niður við sjó suður frá kirkjugarðinum árið 1848. Húsið var tekið niður 1860 og flutt að Þingvöllum á Snæfellsnesi og endurreist þar. Það var tekið aftur niður 1868 og endurreist að Silfurgötu 4 í Stykkishólmi.²¹

Samúel Eggertsson skrautritari mældi og teiknaði Flatey árið 1906. Gerði hann tvö kort. Annað þeirra er af Flatey í mkv. 1:2 500 og sýnir öll húsin á eyjunni. Hitt kortið, í mkv. 1:1 000, er af þorpinu og nánasta umhverfi þessi. Á báðum kortunum eru timburhús merkt með rauðum lit en torfhús með svörtum.


Kortið sýnir að byggðin í þorpinu var þéttari en nú er; lítil hús stóðu á milli Félagshúss og Gamalhúss, þar sem Ásgarður var byggður 1907, og fimm smáhýsi eru á bakkanum næst höfninni norðan við Samkomuhúsið og Saltkjallarann sem Stórapakkhús var síðar byggt ofan á. Svartapakkhús stóð austur af Samkomuhúsinu og vestan við Bentshús voru geymsluhús. Vestast

þeirra var Hafnarskemman, einnig kallað Gamla Kaupfélagið, en í því húsi hóf Kaupfélag Flateyjar starfsemi sína. Meiri breyting hefur þó orðið á byggðinni við Skansmýri.

Torfhúsin sem stóðu umhverfis mýrina eru öll horfin og í stað þeirra hafa síðar verið byggð timburhús og tvö steinsteypt hús. Í seinni tíð hafa þó verið byggð tvö torfhús, annað þeirra er dæluhús austarlega í Skansmýri vestan við Skólann og hitt er geymsluhús rétt austan við Gunnlaugshús.



Skútur og gufutogari liggja við festar í Hafnarey um 1910, Plássið í baksýn. Þjms. L.pr.-1995-100.



Kort Samúels Eggertssonar af Flateyjarþorpi 1906, hluti. Sjómælingar Íslands.

Bæjarumhverfi

Við byggða- og húsakönnunina í Flateyjarþorpi voru eftirtaldir þættir byggðarinnar kannaðir: *Ráðandi þættir*, *Byggðamynstur* og *Einstök göturými og áberandi hús*. Vettvangur þessarar byggða- og húsakönnunar er þorpið; byggðin sem afmarkast af Brekku og Bökkum eða Norðurbökkum eins og þeir voru kallaðir fyrrum. Vegna nálægðar og mikilvægis byggðarinnar sunnan við þorpið uppi á Bökkum, Brekku og á Bókhúsflöt var þeim húsum bætt við könnunina eftir fyrstu vettvangsferð 9. júní 2006.

Ríkjandi þættir eru áberandi sérkenni og rýmismynstur bæjar sem eru af sjónlistarlegum toga, ýmist í bænum sjálfum eða milli hans og umhverfis hans. Þessir þættir geta verið bæjarmynd, ásýnd byggðar og landslags, aðalगतnakerfi eða þá áberandi byggingar, kennileiti, göturými, torg eða opin svæði.

Byggðamynstur er þrívíddarlegt mynstur byggðar, sem til verður úr því sem byggt er og rýmisisins þar á milli (byggingar og götur), stærðar reita (sem gatnakerfið afmarkar) og stefnu (afstöðu til átta). Hver bær, bæjarhluti eða reitur getur haft mismunandi bæjarmynstur sem ræðst af götum, stígum, torgum, opnum svæðum, lóðastærð og fyrirkomulagi og gerð húsa.

Þriðji þátturinn tekur til samstæðna húsa, göturýma eða einstakra húsa sem eru sérstaklega áberandi vegna staðsetningar, gerðar eða útlits. Sem dæmi má nefna hús við enda götu, við torg eða á hæð í bænum, eða hús sem sökum stærðar, forms eða hæðar eru kennileiti. Fjallað er um húsin með hliðsjón af gildi þeirra fyrir svipmót og sjónlist bæjarins.²²

Í næstu þremur köflum er gerð nánari grein fyrir athugun á byggðinni með hliðsjón af hverjum hinna þriggja þátta.



Ríkjandi þættir í Flateyjarþorpi felast öðru fremur í byggðinni í Plássinu og tengslunum við Grýluvog og Hafnarey.




Húsaröðin við Vertshússtíg á Bökkunum milli sjávar og Skansmýrar.



Húsasamstæðan á Hólum; Flateyjarkirkja, Bókhlaðan og Klausturhólar eru áberandi vegna staðsetningar á háhrygg Flateyjar.

Ríkjandi þættir



Flateyjarkort Samúels Eggertssonar frá 1906. Úthagar á vestur- og austurenda eyjarinnar og mýrarsvæðin þrjú eru óbyggð, húsmannsbýli eru á túnunum á suðurhluta hennar en byggðin í þorpinu raðar sér í kringum Grýluvog og með fram Brekku og Norðurbökkum. Sjómælingar Íslands.

Náttúrufar hefur hvort tveggja í senn ráðið staðarvali verslunarplássins og mótað byggðina. Hafnarey og höfnin höfðu afgerandi áhrif á að ákveðið var að stofna kaupstað og fiskverkun í Flatey ásamt legu eyjarinnar með tilliti til siglinga, fiskveiða og byggðarinnar við norðanverðan Breiðafjörð. Verslun hafði verið stunduð í Flatey um aldir áður en Konungsverslunin ákvað að hefja þar verslunarrekstur 1777 og hinir ákjósanlegu kostir Flateyjar voru vel kunnir.

Fyrir botni Grýluvogs og á tanganum, Plássinu eða Kaupborginu, voru þrjú aðstæður til að byggja nauðsynleg hús fyrir verslunina; pakkhús, sölubúð og íbúðarhús. Aðstæður í landi settu þó byggðinni ákveðnar skorður. Landrými var takmarkað vegna mýrlendis á milli hamrabeltanna, sunnan við byggðina – Brekku – og við ströndina að norðanverðu – Norðurbakka eða Bakka. Um miðja 19. öld var byggðin farin að teygja sig austur eftir Bökkunum og austur með Brekku þar sem land var þurrara. Skansmýri, og einnig Innstabæjarmýri austan hennar, settu því þróun byggðarinnar ákveðin takmörk en voru hins vegar nauðsynlegar vegna vatnsöflunar.

Flateyjarkort Samúels Eggertssonar frá 1906 sýnir vel hversu mjög landnýting tók mið af náttúruvari. Þorpið er á tanganum og þurrlendinu næst hinni náttúrulegu höfn og í krikanum austan Skansmýrar og norðan Innstabæjarmýrar eru matjurtargarðar þorpsbúa. Tún eru á háhrygg og suðurhluta Flateyjar og úthagar á suður- og norðurenda eyjarinnar.

Þegar áform voru uppi um stórfellda atvinnuuppbyggingu í Flatey um miðja 20. öld – útgerð og frystihús – varð ljóst að aðstæður á eyjunni norðanverðri gátu ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru til hafnargerðar og landrýmis. Var ný höfn og frystihús byggð á Tröllenda á vesturenda eyjarinnar að sunnanverðu og hafin bygging íbúðarhúsa á hryggnum austan við Tröllenda. Þessar áætlanir runnu út í sandinn m.a. vegna þess að fiskur hvarf af grunnslóð.

Byggðamynstur



Skipta má bæjarmynstri þorpsins í sjö megin svæði eftir sérkennum þeirra.

Þó svo að í Flateyjarþorpi og suður á Bókhúsflöt séu aðeins um fjórir tugir húsa þegar allt er meðtalið þá ná þau að mynda fjölbreytt bæjarmynstur eða þyrpingar húsa.

Fyrst er að nefna húsin fyrir botni Þýskuvarar og Grýluvogs að Götuskarði: Samkomuhúsið, Vorsali Ásgarð, Vog, Pakkhúsið, Hermannshús og Gunnlaugshús.

Í öðru lagi húsþyrpinguna í Plássinu: Vog, Ásgarð, Vorsali, Samkomuhúsið, Stórapakkhús, Eyjólfskúsið og Eyjólfsþakkhús.

Í þriðja lagi eru götulæg hús meðfram Vertshússtíg á Bökkum eða Norðurbökkum: Bentshús, Vinaminni, Vertshús, Myllustaðir, Strýta, Bjarg og Einarshús.

Í fjórða lagi þrjú hús austan við Skansmýri: Sólheimar, Skólinn og Alheimur, ólík að formi og gerð og sitja mishátt í landslagi, en afmarka byggðina til austurs.

Þá ber að nefna fimmta lagi þyrpingu fjögurra húsa sunnan við Skansmýri: Bræðraminni, Bogabúð, Berg og Vegamót og mætti að ósekju bæta Hafliðaskemmu við þessa upptalningu.

Sunnan við þorpið eru fimm hús sem hafa mikil áhrif á ásýnd þorpsins og mynda ytri afmörkun hennar til suðurs. Þessi hús eru Sólbakki á Bökkum, Sunnuhvoll á Brekku og fjær Flateyjarkirkja og Bókhláðan á Bókhúsflöt og Klausturhólar.

Mænisstefna flest allra húsa í þorpinu er því sem næst austur-vestur. Næst Kaupþorgi eru stærstu húsin og mest í þau lagt út frá byggingarlistarlegu sjónarmiði. Þau eru öll klædd listþili nema tvö, Ásgarður og Eyjólfskúsið, sem var reyndar klætt listþili í öndverðu. Til viðbótar eru tvö hús við Vertshússtíg svipuð að stærð; Bentshús og Vertshús og mætti nefna til viðbótar Myllustaðir. Önnur hús, þ.e.a.s. við Skansmýri, eru minni og látlausari.

Það er einkennandi fyrir innbyrðis afstöðu húsanna að þau standa ekki í beinni línu hvort við annað nema sambyggðu húsin; Félagshús og Samkomuhúsið og Stórapakkhús. Það vekur því athygli að eitt yngsta húsið í þorpinu, Myllustaðir sem byggt er samkvæmt deiliskipulagi, hafi verið sett niður í beinni línu við Vertshúsið.

Einstök göturými og áberandi hús



Plássíð við Grýluvog. Sérstaklega áhugavert og fjölbreytt torgrými myndast milli húsanna. Grétar Markússon arkitekt, Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf., 1993.

Torg- og göturými í þorpinu eru mörg og fjölbreytt auk áhugaverðra sjónlína á milli húsa þvert í gegnum byggðina.

Torgrými, Kauptorg, er á milli húsanna í Plássinu en ásýnd þess og Grýluvogs tekur sífelldum breytingum í takt við sjávarföll í veginum. Þetta rými afmarkast af húsunum við Kauptorg, Silfurgarði og Bakka til suðurs.

Annað torg- eða bæjarrými er á milli húsanna við Skansmýri. Nú á tímum er umferð um þetta stóra opna rými takmörkuð við stígana í útjadhri þess en

fyrirum, þegar heilsársbyggð var í fullum blóma í Flatey, var mýrin notuð sem skautasvell að vetri og stór slegin að sumri til. Höfnin í Hafnarey er mjög sérstakt rými frá náttúrunnar hendi.

Göturými eða götummyndir mynda húsin á milli Götuskarðs og Samkomuhússins, húsin við Vertshússtíg, húsaþyrpingin sunnan Skansmýrar og húsin við stíginn á milli Hermannshúss og Gunnlaugshúss og Pakkhússins og austur fyrir Hafliðaskemmu og Vegamót. Húsin austan við Skansmýri og á Brekku og Bókhúsflöt afmarka byggðina að austan og sunnan.

Milli einstakra húsa eru einnig rými sem vert er að gefa gaum. Má þar nefna rýmið á milli Eyjólfshúss, Eyjólfspakkhúss og Stórapakkhúss og á milli Vorsala og Skansins og Samkomuhússins. Milli strandar og húsa við norðanvert Kaupborg er einnig áhugavert rými með bryggjum og lendingum og Hafnarey handan Hafnarsunds. Sama á við um rýmið norðan við húsin við Vertshússtíg.

Áhugaverðar sjónlínur eru víða á milli húsa þvert yfir Skansmýri. Verður sérstaklega bent á sjónlínur suður yfir mýrina frá Vertshússtíg þar sem húsin á Hólum sjást á milli húsanna handan við mýrina.

Flateyjarkirkja á miðri eyjunni er áberandi bygging, kennileiti sem sést vel að. Relluturninn upp af Þýskuvör er ennfremur áberandi mannvirki sem hefur gildi fyrir atvinnusögu eyjarskeggja en lítið sjónrænt gildi.

Lóðir einstakra húsa eru án afmörkunar nema hvað trégirðing er í kringum Bókhlöðuna og smáspildu sunnan við Ásgarð og netgirðing er um hluta lóða Alheims og Bergs.

Akvegur er um þorpið frá Götuskarði að Kaupborgi og austur Vertshússtíg en göngustígur frá Skólanum fyrir Skansmýri að Holustíg.



Þýskavör og sjávarhlið húsa í Plássinu.



Til undantekninga telst að lóð í þorpinu sé afgirt.



Horft yfir Skansmýri að Bökkum eða Norðurbökkum.



Horft suður yfir Skansmýri.



Vel afmarkað rými er á milli húsanna í Plássinu.



Sjónlínur opnast á milli húsa að húsunum á Hólum.

Hús og heildir utan þorpsins



Horft í austur að Teinæringsvogi, Vesturbúðum og Flateyjarþorpi.

Hús utan við þorpið eru á fjórum svæðum. Á Bókhúsflöt, við Vesturbúðarvör, Krákuvör ásamt útihúsum og íbúðar- og sumarhús við götuna upp af höfninni á Tröllenda auk pósthúss í gömlum vinnuskúr.

Húsin á Bókhúsflöt; Bókhlaðan og Flateyjarkirkja ásamt Klausturhólum mynda varðveisluverða heild. Húsin, sem eru mismunandi að stærð og byggingar-efni en svipuð að formi, sitja vel í landslagi á háhrygg eyjarinnar og sjást vel að. Tvö þeirra eru friðuð; Bókhlaðan og Klausturhólar. Húsin hafa einnig táknræna merkingu bæði fyrir menningarsögu og vegna staðsetningar. Þau standa í túni eyjarskeggja á mörkum þorpsbyggðarinnar á eyrni norðanverði og túna að sunnanverðu.

Önnur heild, en allt annars eðlis, eru Vesturbúðir við Vesturbúðarvör; sjóhús byggt 1988, íbúðarhús og hjallur byggð 1947. Til þessarar heildar teljast nýlega byggð bátaskýli upp af Teinæringsvogi. Fimmta húsið, Eyjaberg byggt 1994, stendur hærra í landslagi vestast á Bökkum, sker sig út úr þessari



Flateyjarkirkja, Bókhlaða og Klausturhólar eru mikilvæg heild um miðbik eyjarinnar.



Frystihúsið við höfnina má muna sinn fífil fegurri.



Hús við götuna upp frá höfninni.



Græningarður, reistur árið 1950, fyrsta húsið sem byggt var við götuna á milli hafnarinnar og þorpsins.

heild vegna staðsetningar, forms og útlits. Verulegt ósamræmi fellst þó í því að hjólhýsi hefur verið komið fyrir sunnan við Vesturbúðir.

Við götuna upp frá höfninni og frystihúsinu, byggt 1950, standa sex hús byggð á tímabilinu frá 1940 til 1994. Fjögur þeirra standa sunnan megin við götuna en tvö norðan megin. Húsin eru ein hæð og á þeim öllum nema einu er risþak með mismunandi halla en valmaþak á einu húsi. Húsin eru byggð úr timbri utan eitt sem er hlaðið úr holsteini en öll húsin eru klædd timbri eða plötum.

Krákuvör er byggð 1970 og henni fylgir fjárhús og hlaða sem standa skammt vestur frá kirkjugarðinum, er hluti húsanna frá því fyrir 1906, svo og önnur útihús og hús tengd ferðaþjónustu sunnan við Krákuvör.

Húsin á háhrygg eyjarinnar; Flateyjarkirkja, Bókhlaðan og Klausturhólar hafa mikið varðveislugildi, tvö þau síðastnefndu eru friðuð. Byggðin við Vesturbúðavör hefur mikið gildi fyrir umhverfi og menningarsögu. Þarf að huga að varðveislu þeirra og fara mjög varlega ef farið verður í byggingarframkvæmdir í nágrenni þeirra og vegna nálægðar við þorpið. Eðlilegt væri að líta á þorpið og svæðið suður á Bókhúsflöt og vestur að Vesturbúðavör og Teinæringsvogi sem eina heild þegar hugað er að varðveislu húsa og umhverfis þeirra.



Fjárhús og hlaða frá Krákuvör.

Byggingarhefð og húsagerðir í þorpinu

Gróflega má skipta húsunum í þorpinu í tvo flokka eftir byggingartíma, stærð og byggingarlistarlegum sérkennum. Húsin við Kaupborg auk Gunnlaughshúss og Hermannshúss við Götuskarð og Bentshúss, Vertshúss og Bjargs við Vertshússtíg falla í fyrri flokkinn. Þessi hús eru öll byggð fyrir 1908 nema Stórapakkhús, og eru klædd listapili nema Eyjólfshús, Ásgarður, Bentshús og Vertshús. Þau eru stærri og vandaðri en húsin sem skipa má í seinni flokkinn. Þetta eru hús kaupmanna og fyrirfólks, verslunarhús og pakkhús. Í þennan flokk má einnig bæta Bókhlöðunni og Klausturhólum.

Í seinni flokkinn falla húsin við Vertshússtíg austan Myllustaða, og austan og sunnan Skansmýrar. Þetta eru frekar lítil hús að grunnfleti, mörg portbyggð og klædd að utan á margvíslegan hátt. Þetta eru hús alþýðunnar byggð á þremur fyrstu áratugum 20. aldar og hafa flest verið byggð í stað torfhúsa sem stóðu á sömu lóðum.

Tvö hús skera sig út úr öðrum húsunum í þorpinu og næsta nágrenni hvað varðar byggingarlist og byggingarefni, en það eru Skólinn og Flateyjarkirkja. Skólahúsið var byggt 1909, var rífið árið 1992 en hefur verið byggt að nýju með sama útliti og áður og er notað sem sumardvalarstaður. Flateyjarkirkja er byggð 1926. Bæði þessi hús eru steinsteypt og vandað til hönnunar þeirra og frágangs.



Í Plássinu er þungamiðja Flateyjar og reisuleg hús.



Er fjær kemur Plássinu eru húsin minni og látlausari.



Þyrping alþýðuhúsa á suðurbakka Skansmýrar.




Vindskeið, þakskegg og tannstafur á Flateyjarkirkju.

Þorpið í Flatey Byggða- og húsakönnun 2006


Byggingartímabil

- Byggingartímabil fyrir 1850
- Byggingartímabil 1850 - 1917
- Byggingartímabil 1918 - 2005




Þorpið í Flatey
Byggða- og húsakönnun 2006
Byggingarefni húsa

- Timburhús
- Steinstept hús
- Torfhús



Húsin í Þorpinu – saga og lýsingar



Húsin sem skráð voru í byggða- og húsakönnun í Flatey árið 2006 eru merkt með númerum og vísast til nánari umfjöllunar um þau í þessum kafla.

Hús á Hólum

Þar sem hæst ber um miðbik eyjarinnar heita Hólar; Kirkjuhólar að vestanverðu og Klausturhólar að austanverðu, og flötin á milli þeirra er kölluð Bókhúsflöt. Kirkjugarðurinn er vestast á Kirkjuhólum og í honum stóð Flateyjarkirkja um aldir, en nú stendur kirkjan austan við garðinn á Bókhúsflöt, því næst Bókhúsið eða Bókhlaðan og norðaustar er prófastshúsið Klausturhólar á Klausturhólum.



Flateyjarkirkja, Bókhlaða og Klausturhólar fjær.



Horft inn kirkju, þverbekkir í framkirkju, prédikunarstóll innst í kór og þrjár bogadregnar stúkur í kórgafl.

1 Flateyjarkirkja

Byggingarár: 1926.

Hönnuður: Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins.

Yfirsniður kirkjunnar var Jónas Snæbjörnsson frá Hergilsey, húsasniður og kennari á Akureyri, en Steinn Ágúst Jónsson í Eyjólfshúsi beitti sér öðrum fremur í söfnuðinum fyrir byggingu nýju kirkjunnar.²³

Flateyjarkirkja er steinsteypuhús með turn við framhlið með lágt sveigt píramítapak og trékrossi efst. Þak kirkju er krossreist og klætt bárujárnni en turnþak er koparklætt. Veggir eru múrhúðaðir, sökkulbrún er í gólfhæð, tannstafur undir þakskeggi kirkju og turns og múraðar vindskeiðar undir þakbrúnum. Á hvorri hlið kirkju eru þrjár bogadregnir smárúðóttir gluggar, tveir minni ofarlega á framstafni hvorum megin turns og tveir á austurstafni neðarlega, annar þeirra blindaður. Lítil bogagluggi er á hvorri hlið turns og hljómpofarlega á þremur hliðum. Yfir kirkjudyrum er smárúðóttur hringgluggi. Bogadregnar kirkjudyru eru á framhlið turns og fyrir þeim spjaldsettar vængjahurðir og múraður faldur umhverfis. Fram undan kirkjudyrum eru steinsteyptar tröppur með tveimur þrepum sem ganga fram og til hliðar með turninum.

Forkirkja er í turni og spjaldsettar vængjahurðir að framkirkju. Söngloft er yfir fremsta hluta framkirkju inn að fremstu gluggum og stigi í norðvesturhorni. Kirkjugólf undir setulofti er autt en kirkjubekkir hvorum megin gangs innan við fremstu glugga. Kórgafl er settur þremur bogadregnum stúkum. Fyrir miðju er opin stúka og í henni er altarið og altarismynd máluð á gaflinn. Að sunnanverðu er afþiljuð stúka með skruðhúsi og úr henni gengið í prédikunarstóll innst í kór. Í stúkunni að norðanverðu er kynditæki en kolaofn, sem áður var í kirkjunni, er í *Samkomuhúsinu* í Plássinu. Veggir eru múrhúðaðir og efst á þeim er strikasylla. Yfir kirkjunni stafna á milli er múruð hvelving skreytt myndum úr sögu Flateyjar. Baltasar Samper listmálari málaði myndirnar og einnig altarismyndina. Í turni hanga tvær litlar klukkur í ramböldum og ein stór.

2 Bókhlaða (Bókhús)

Byggingarár: 1864.

Hönnuður: Niels Björnsson forsmiður að talið er.²⁴

Breytingar: Þegar Flateyjarkirkja var byggð 1926 var bókhlaðan flutt innar á Bókhúsaflöt á núverandi stað.²⁵

Friðuð í A-flokki af menntamálaráðherra 2. apríl 1975 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969.²⁶

Ólafur Sívertsen prófastur og kona hans Jóhanna Friðrika Eyjólfsdóttir stofnuðu 1833 Flateyjarframfarastiftun til að efla *upplýsingu, siðgæði og dugnað* í Flateyjarhreppi. Stofnunin beitti sér fyrir byggingu Bókhlaðu í Flatey 1864 og reiddi fram 195 ríkisdali til smíðinnar en kostnaður varð hins vegar 558 ríkisdalir og lögðu Herdís og Brynjólfur Benedictsens kaupmaður fram það sem á vantaði.²⁷

Viðgerð á bókhlaðunni hófst árið 1979 og var unnið að henni í nokkur ár eftir áætlun Hjörleifs Stefánssonar arkitekts og fyrir styrki úr Húsafriðunarsjóði og Þjóðhátíðarsjóði. Minjavernd tók síðan við húsinu til viðgerðar og vörslu af Flateyjarhreppi árið 1986.²⁸

Bókhlaðan er timburhús með krossreist þak, 5,2 m að lengd og 3,9 m á breidd. Húsið stendur á steinhlöðnum sökklí, veggir eru klæddir listapili og þak rennisúð og gengið frá því með trérennum og niðurföllum. Tveir sex rúðu gluggar með miðpóst eru á hvorri húshlið og einn heldur minni á framstafni uppi yfir dyrum. Til hliðar við glugga eru rásaðir faldar, strikuð brík að ofan en vatnsbretti undir, hvilftað neðanvert. Fyrir útidyrum eru tvöfaldar vængjahurðir, okahurðir að utan en spjaldsettar að innan með spjöldum sneiddum í lága píramíta. Hvorum megin dyra eru rásaðar hálsúlur, undir þeim er sléttur súlufótur en súluhöfðuð skreytt blómaskurði og strikaður bjór yfir.



Bókhlaðan í Flatey, veggir klæddir máluðu listapili og þak tjargaðri rennisúð.

Húsið er eitt herbergi og yfir því bitar, strikaðir á brúnum, og gólfborð rislofts. Stigi til loftsins er í norðvesturhorni. Veggir eru klæddir spjaldaþili og hið innra er bókhlaðan ómáluð. Á loftinu er skarsúð á sperrum en gaflar óklæddir.²⁹



Um útidyr er nýklassískur umbúnaður, rásaðar hálsúlur og undir þeim sléttur súlufótur en súluhöfðuð skreytt blómaskurði og strikaður bjór yfir.



Veggir bókhlaðunnar eru klæddir spjaldaþili að innan.

3 Klausturhólar (Prófastshúsið)

Byggingarár: 1900.³⁰

Hönnuður: Ókunnur.

Athugasemd: Flutt inn tilsníðið frá Noregi.³¹

Friðað í A-flokki af menntamálaráðherra 11. febrúar 1976 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.³²

Austast á Hólum stóð Austurbær, eitt af elstu býlum og stærstu í Flatey og lengi vel aðsetur Flateyjarklerka. Á þeim slóðum er talið að Flateyjarklaustur hafi staðið 1172-1184. Þar í túninu er Klaustursteinn, en í hann er klappaður bolli sem geymdi vígt vatn og munkarnir signdu sig með. Á þessum slóðum sást móta fyrir hringlaga garði og tóft sem talið var að væri eftir kirkjugarð og kirkju. Í Austurbæ bjó síðast séra Tómas Sigurðsson 1807-1823 meðan hann gegndi prestsþjónustu í Flatey en skömmu síðar var bærinn rifinn.³³ Á svipuðum stað og Klausturhólar standa nú var síðar byggður torfbær, Garðar eða Garðabær, og bjó þar séra Andrés Hjaltason.³⁴



Klausturhólar, efni til smíði hússins var flutt tilsníðið til landsins frá Noregi en húsið hefur verið bárujárnsklætt frá upphafi.

Sigurður Jenson (1853-1924) prófastur og alþingismaður og kona hans Guðrún Sigurðardóttir (1862-1941) Johnsen kaupmans í Gamlhúsi létu reisa sér hús á rústum Garðabæjar árið 1900.³⁵ Jón Sigurður (1887-1924) sonur þeirra, bóndi, póstafréttslumaður, oddviti og stjórnarmaður í Kaupfélagi Flateyjar, og kona hans Sigríður Einarsdóttir (1892-1988) tóku við búi á Klausturhólum 1921. Eftir lát Jóns Sigurðar þremur árum síðar rak Sigríður búið áfram og var póst- og símsstöðvarstjóri til 1954 en flutti þá til Bandaríkjanna og lést þar 1988.³⁶

Klausturhólar er einlyft timburhús með krossreist þak, 9,5 m að lengd og 7,6 m á breidd, og með anddyri við austurstafni með lágt risþak, 2,6 m að lengd og 2,3 m á breidd. Húsið stendur á háum steinhlöðnum múrhúðuðum kjallara. Veggir eru klæddir bárujárni og frá þeim gengið með hornborðum og vindskeiðum. Þök eru bárujárnsklædd, þakgluggi á báðum hliðum og reykháfur á mæni. Á húsinu eru átta krosspóstagluggar með sex rúðum; þrír á hvorri hlið og tveir á vesturstafni. Tveir tveggja rúðu gluggar og sex rúðu gluggi með miðpóst eru á hvorri gafflhyrnu. Þriggja rúðu gluggi með þverpóst er að auki á austurstafni. Þrír kjallaragluggar eru á hvorri húshlið. Á anddyri norðan megin er tveggja rúðu gluggi og fjöggra rúðu gluggi á austurstafni. Trétröppur eru að útidyrum á suðurhlið anddyris og fyrir þeim vængjahurðir á okum og spjaldsett innri hurð. Lágur kjallaradyr með okahurðum eru á austurstafni anddyris.

Inn af útidyrum er fordyri og baðherbergi við austurgafli. Í forstofu er stigi upp í ris og niður í kjallara. Herbergi er í suðausturhluta hússins, eldhús í suðvesturhluta og þrjú herbergi við norðurhlið. Upp af stiga er framloft, tvö herbergi við austurgafli og eitt að vestanverðu. Í kjallara eru fjögur herbergi. Kjallaraveggir eru múrsléttaðir en milliveggir klæddir panelborðum og loft eru borðaklædd milli bita. Veggir á jarðhæð og efri hæð eru klæddir strikuðum panelborðum, loft panelklædd neðan á bita og súð panelklædd neðan á sperrur nema í norðausturherbergi, þar er borðaklæðning ofan á sperrum.³⁷

Hús á Bakka og Brekku

Bakki heitir hamrabeltið sunnan við Grýluvog milli Vesturbúða og Götuskarðs og túnið upp af þeim en austan skarðsins er Innri-Bakki eða Brekka. Milli Bakka og Hóla er Snorrabrunnsmyri og í henni Snorrabrunnur suður af Sólbakka. Brekkubæjarmýri er á mill Brekku og Hóla (Bókhúsflatar), vestan frá Kirkjustíg og austur undir Klausturhóla.

4 Sólbakki á Bakka

Byggingarár: 1903.

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Skúr með skúrþak var við austurgافل hússins og hefur rishæð hússins nýlega verið lengd út yfir skúrinn, kvistir byggðir á húsið og gluggum og veggklæðningu breytt.

Á Bakka stóð torfbærinn Bakkabær og á rústum hans byggði Stefán Stefánsson meðhjálpari timburhús 1903 sem í fyrstu hét Stefánshús. Að Stefáni gengnum bjó þar Viktor Guðnason sem nefndi húsið Sólbakka. Þar var rekið pósthús og símstöð.³⁸

Sólbakki er einlyft timburhús með risþak og kvist hvorum megin með risþak. Húsið stendur á steinsteypum sökkli, veggir og kvistir eru klæddir slagþili og þak bárujárn. Á húsinu eru fjögur rúðu krosspóstagluggar; tveir á framhlið, þrír á vesturstafni, einn á norðurhlið og austurstafni. Auk þeirra er á framhlið tveggja rúðu gluggi með þverpóst og á austurstafni tveggja rúðu gluggi með miðpóst. Á hvorum kvisti er stór þríhyrndur gluggi og undir honum tveggja rúðu þvergluggi. Útidyr eru á framhlið austarlega. Unnið er að viðgerð hússins og frágangi ekki lokið (2006). (Húsið var ekki skoðað að innan.)



Sólbakki, húsið hefur nýlega verið lengt og á það byggðir kvistir.

5 Sunnuhvoll á Brekku

Byggingarár: 2005.

Hönnuður: Fyrirmynd Sunnuhvols er hús í Stykkishólmi sem Hjörleifur Stefánsson arkitekt hannaði.³⁹

Á Brekku, sunnan við húsaþyrpinguna við Holustíg, stóð torfbærinn Brekkubær. Jón Jónsson snikkari byggði þar timburhús árið 1928 og nefndi Sunnuhvoll. Húsið var rifið upp úr 1970.⁴⁰ Þar var byggt nýtt timburhús árið 2005 og nefnt Sunnuhvoll.

Sunnuhvoll er einlyft portbyggt timburhús með risþak og skúrviðbyggingu við norðurhlið. Húsið stendur á steinsteyptri undirstöðu, veggir eru klæddir láréttum strikuðum og plægðum bordum og hornbordum og þök bárujárn. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á suðurhlið og þrír á hvorum stafni. Fjögur rúðu gluggi með miðpóst er á norðurhlið skúrs og útidyr með tvöföldum hurðum á vesturhlið hans.

Í skúrviðbyggingu er forstofa, baðherbergi og kyndiklefi, á jarðhæð er stofa og eldhús. Í risi er framloft upp af stiga og herbergi við hvorn gافل. Veggir hússins eru plötuklæddir að innan.



Sunnuhvoll byggt 2005 er yngsta húsið í Flatey og fellur að formi til vel að byggðinni í þorpinu.

Hús í Hærra-Kaupstað

6 og 8 Félagshús – Benediktsenshús (Hermannshús og Gunnlaugshús)

Fyrir botni Grýluvogs, undir Bakka austan Götuskarðs, eru tvö sambyggð hús; Hermannshús og Gunnlaugshús, bæði friðuð og hafa borið ýmis nöfn. Húsin ásamt vörugeymslum, sem stóðu austar og norðar, voru kölluð Hærra-Kaupstaður til aðgreiningar frá verslunarhúsunum í Plássinu, en saman hafa húsin tvö verið nefnd Benediktsenshús og síðar Félagshús.

Brynjólfur Bogason Benediktsen (1807-1870) kaupmaður og útgerðarmaður lét árið 1843 byggja íbúðarhús það sem ennþá stendur og er í daglegu tali nefnt *Hermannshús*.⁴¹ Brynjólfur gekk árið 1838 að eiga Herdísí (1820-1877) dóttur Guðmundar Bjarnasonar Schevings (1776-1837) kaupmanns og útgerðarmanns og tók við rekstri tengdaföður síns. Átta árum síðar, 1851, lét Brynjólfur smíða viðbyggingu við austurstafn hússins og fékk Jóhann Moul beyki til starfans. Er viðbyggingin nú á tímum nefnd *Gunnlaugshús*.⁴² Þau hjón bjuggu í viðbyggingunni til 1873 en þá tók Verslunarfélag Eyhreppinga, eða Félagið sem kallað var, við húsunum og voru þau nefnd Félagshús upp frá því. Félagið rak verslun í austurhlutanum 1873-1888 og bjó verslunarstjórinn, Ólafur Kristjánsson Skagfjörð, í vesturhlutanum til dánardags 1887 og ekkja hans áfram til 1893. Hermann Sigurður (1856-1943) skipstjóri og Kristján Jónssynir keyptu þá húsið og bjó Kristján í austurendanum en Hermann í vesturendanum sem nefndur var Hermannshús. Hermann rak verslun í skúrviðbyggingu við norðurhlið hússins frá 1913 til dánardags 1943, lengi í samvinnu við Jónínu (1889-1982) dóttur sína, en þá tók hún við rekstrinum og rak hún hér verslun fram um 1970.⁴³ Hermann afritaði Sögu Flateyjarhrepps, sem Gísli Konráðsson (1787-1877) sagnaritari skráði, og bætti við hana.⁴⁴ Jens Sigurður (1891-1953) kennari og rithöfundur, sonur Hermanns, skráði Sögu Flateyjarhrepps á 20. öld (fram til 1950).⁴⁵ Þegar Kristján lést 1906 eignaðist austurendann Gunnlaugur Sveinsson (1861-1950) skipstjóri og kona hans Guðlaug Gunnlaugsdóttir (1861-1929) og húsið var síðan nefnt Gunnlaugshús eftir honum. Sveinn (1889-1981) sonur þeirra, kennari og skólustjóri í Flatey, bjó í húsinu og bróðir hans Ólafur Eiríkur (1899-1984) bóndi og sjómaður. Síðan eignaðist húsið Þórunn dóttir þeirra og Finnboogi Guðmundsson maður hennar. Síðar bjuggu þar Arnfinn Hansen vélstjóri og kona hans Björg Ólafsdóttir Hansen (1922-1985) og á árunum 1946-1948 Sigurberg Bogason (1918-) trésmiður og kona hans Kristín Guðjónsdóttir (1918-) en þau eignuðust síðar *Alheim*.⁴⁶



Félagshús. Hermannshús og fjær sést í Gunnlaugshús.



Félagshús. Í norðurhluta Hermannshúss var rekin verslun um árabíl. Gunnlaugshús fjær.



Félagshús. Gunnlaugshús nær og Hermannshús fjær.

6 Hermannshús

Byggingarár: 1843.⁴⁷

Breytingar: Skúr byggður við norðurhlið 1898.⁴⁸

Hönnuðir: Ókunnir.

Húsið friðað í A-flokki af menntamálaráðherra 2. apríl 1975 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.⁴⁹

Friðað 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Hermannshús er einlyft timburhús með krossreist þak, 8,9 m að lengd og 5,7 m á breidd, og með anddyri með skúrþak við suðurhlið, 3,4 m að lengd og 2,4 m á breidd og skúrviðbyggingu með skúrþak við norðurhlið, 4,5 m að lengd og 2,1 á breidd. Við austurgafli Hermannshúss stendur Gunnlaugshús. Hermannshús stendur á steinhlöðnum og steyptum sökkli, veggir eru klæddir listapili og þök bárujárnklædd. Á suðurhlið þaks er þakkvistur með skúrþak og fjögurra rúðu glugga með miðpóst en tveir kvistir á norðurhlið með fjögurra rúðu glugga og reykháfur á mæni hússins. Suðurkvistur er klæddur listapili en norðurkvistar sléttu járn. Tvíþósta gluggi með níu rúðum er á suðurhlið austan inngönguskúrs en sex rúðu gluggi með miðpóst vestan við skúrinn. Fjórir gluggar sömu gerðar eru á vesturgafli, þar af einn á bakdyraskúr og tveir á norðurhlið hússins. Á gafflhyrnu eru tveir einnar rúðu gluggar og hálfhring-gluggi efst uppi undir mæni. Útidyr eru á vesturhlið anddyris og dyr eru á norðurhlið skúrviðbyggingar.

Í anddyri er forstofa innaf útidyrum og baðherbergi í austurhluta. Úr forstofu er gengið inn á gang og í honum er stigi upp á loft. Stofa er í suðvesturhluta hússins, eldhús í suðausturhluta, önnur stofa í norðausturhluta en í norðvesturhluta hússins og skúrviðbyggingu er geymsla en þar eru innréttingar frá því að verslunarrekstur var í húsinu. Upp af stiga er framloft og herbergi í hvorum enda. Veggir í anddyri, gangi inn af því og í skúrviðbyggingu eru klæddir strikuðum panelborðum. Veggir í vesturhelmingi hússins eru klæddir spjaldapili en plötuklæddir í austurhluta. Á jarðhæð eru loft plötuklædd milli bita, loft í anddyri og skúrviðbyggingu eru panelklædd. Í risi eru veggir panelklæddir og súð í herbergjum báðum panelklædd neðan á bita en á milli bita á framlofti.⁵⁰



Verslunarinnrétting í norðvesturhluta Hermannshúss og skúrviðbyggingu.

7 Pakkhúsið, geymsluhús frá Hermannshúsi

Byggingarár: Skömmu eftir 1909.⁵¹

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Hænsnakofi við norðurhlið var rifinn 1977.⁵²

Norðan við Hermannshús er einlyft timburhús með risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum og steyptum sökkli, veggir eru klæddir listapili nema austurstafn sem klæddur er listuðum pappa og á þaki eru þakskífumótaðar járnplötur. Á vesturstafni er sex rúðu krosspóstagluggi og einnar rúðu gluggi á norðurhlið. Tveggja rúðu gluggi með miðpóst er á framhlið og tvennar dyr og er spjaldahurð fyrir vestari dyrunum en okahurð fyrir þeim austari. Herbergi er í vesturhluta hússins og geymsla í austurhluta. (Húsið var ekki skoðað að innan.)



Pakkhús norðan við Hermannshús.

8 Gunnlaugshús

Byggingarár: 1851.

Hönnuður: Jóhann Moul forsmiður og beykir.

Húsið friðað í A-flokki af menntamálaráðherra 2. apríl 1975 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969.⁵³

Gunnlaugshús er einlyft timburhús með bratt þak sneitt efst á göflum, 5,6 m að lengd og 7,7 m á breidd, og með anddyri með skúrþak við norðurhlið, 2,9 m að lengd og 2,6 m á breidd. Húsið er byggt við austurgafli Hermannshúss. Gunnlaugshús stendur á steinhlöðnum og steyptum sökkli, veggir eru klæddir strikuðu listapili og hæðarskilistlar eru yfir gaflluggum. Þök eru klædd bárujárni og þakkvistur með bröttu skúrþaki er á hvorri hlið og í þeim sex rúðu gluggi með miðpóst. Reykháfur er á mæni vestarlega. Á húsinu eru 11 sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á vesturgafli og er annar þeirra á anddyri, einn á norðurhlið, sex á austurgafli og tveir á suðurhlið. Að auki eru á húsinu tveir þriggja rúðu gluggar; annar á vesturgafli en hinn á norðurhlið anddyris, og þrjár einnar rúðu gluggar; einn á austurhlið anddyris og tveir á gafllhlaði austan megin. Útidyr eru á austurhlið anddyris og fyrir þeim okahurð.



Gunnlaugshús. Hermannshús og þakhúsið.



Í lofti stásstofunnar í Gunnlaugshúsi eru sneidd spjöld.

Inn af útidyrum er forstofa og baðherbergi. Gangur með stiga er inn af forstofu og eldhús í norðausturhluta og stofa sunnan megin í húsinu. Upp af stiga er framloft og stigi upp í ris. Kames er að sunnanverðu inn af framlofti og herbergi fyrir miðjum austurgafli en súðarkompur inn af því hvorum megin. Anddyri og suðurhluti hússins eru klædd standþiljum og súð í anddyri er klædd borðum og í eldhúsi er loft borðaklætt milli klæddra bita. Stofan er klædd brjóstþili með sneiddum spjöldum að neðan og standþiljum að ofan og loft reitaklætt með spjöldum sneiddum í lágan píramíta milli klæddra strikaðra bita. Á efri hæð er gaflherbergi klætt brjóstþili með reitum að neðan og standþiljum að ofan og loft yfir úr borðum á klæddum bitum. Aðrir veggir eru klæddir standþili, súð klædd reisifjöl og loft á framlofti og í kamesi klædd sléttfelldum borðum milli bita.⁵⁴

9 Hjáleigan, geymsluhús austan Gunnlaugshúss

Byggingarár: 2000.

Hönnuðir: Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitektar.⁵⁵

Geymsluhúsið er byggt úr timbri og steinsteypu inn í gamla steinhlöðna og steypa tóft. Gafllhlaði að framan og aftan eru klædd slagþili og um húsið eru steinhlöðnir veggir allt að útidyrum á miðri framhlið. Á húsinu er tyrft risþak. Einnar rúðu gluggi er á framþili en tveggja rúðu gluggi með miðpóst á bakþili.

Inn af dyrum eru tvö þrep niður á steinsteypt gólf. Veggir eru klæddir standþili og súð borðaklædd neðan á sperrur en opin upp undir mæni.



Hjáleigan austan við Gunnlaugshús.

Hús í Plássinu

10 Ásgarður

Byggingarár: 1907.

Hönnuður: Magnús vert Magnússon forsmiður.

Athugasemd: Ásgarður er að hluta til byggður á grunnni Gamlhúss, kaupmannshúss sem byggt var á þessum stað 1777.⁵⁶ Talið er að kjallari undir miðhluta Ásgarðs hafi verið undir Gamlhúsi.⁵⁷ Veggheðslur að sunnanverðu eru múrlímdar með sementi og steinsteypa er í öðrum veggjum og hafa kjallaraveggir því verið endurbyggðir ef kjallarinn er frá tíma Gamlhúss.

Breytingar: Húsið var lengt um rúma tvo metra til norðurs árið 1922.

Hönnuður: Jón Jónsson snikkari.⁵⁸

Gamlhús, kaupmannshúsið sem fyrr getur og byggt var 1777, brann haustið 1899 og skemmdist ris þess að vestanverðu og varð um helmingur hússins óíbúðarhæfur.⁵⁹ Í gegnum tíðina bjuggu í Gamlhúsi framámenn í verslun og útgerð og verður hér getið þeirra sem tengjast á einn eða annan hátt húsum þeim sem enn standa í Flatey. Sigurður Johnsen keypti Flateyjarverslun 1844 og settist að í Gamlhúsi. Hann kvæntist 1850 Sigríði Ólafsdóttur, laundóttur Brynjólfs Benediktssens. Eftir að Sigurður féll frá 1870 komst Flateyjarverslun í eigu annarra en madame Johnsen bjó áfram í húsinu.

Jón Guðmundsson kaupmaður eignaðist Flateyjarverslun 1875 og settist að hjá madame Johnsen og gekk ári síðar að eiga Jófríði dóttur hennar. Þau bjuggu í Gamlhúsi þar til þau fluttu í Jónshús (Vog) nýbyggt árið 1885. Séra Sigurður Jensson vígðist til Flateyjar 1880 og settist að í Gamlhúsi og kvæntist Guðrúnu dóttur madame Johnsen. Þau fluttu í Klausturhóla nýbyggða árið 1900.

Eftir að Gamlhús skemmdist af eldi keypti Guðmundur Bergsteinnsson (1876-1941) kaupmaður og útgerðarmaður húsið, lét rífa það árið 1907 og notaði viði úr því til að byggja sér íbúðar- og verslunarhúsið Ásgarð.⁶⁰ Yfirsmiður hússins var Magnús vert Magnússon í Vertshúsi. Verslunarbúð var innréttuð í norðurhluta hússins, þar sem nú er stásstofa, en meginhluti hússins var íbúð þeirra hjóna Guðmundar og Jónínu Eyjólfsdóttur (1887-1989).⁶¹ Jónína var dóttir Eyjólfss Einars Jóhannssonar kaupmanns og útgerðarmanns sem átti Eyjólfshús og Eyjólfspakkhús. Þegar best lét gerði Guðmundur út fjórar seglskútur og rak verslun í Sölubúðinni (Kaupfélagshúsinu eða Vorsölum).

Á meðan hann rak verslun í Sölubúðinni var verslunarbúðinni í Ásgarði breytt í stásstofu. Árið 1922 hrundi verð á saltfiski, útgerð og verslun Guðmundar dróst saman. Hann flutti verslunarrekstur úr Sölubúðinni yfir í Ásgarð og lét byggja sölubúð við norðurenda hússins.⁶² Guðmundur bjó í Ásgarði ásamt konu sinni Jónínu Eyjólfsdóttur (1887-1989) kennara til dauðadags 1941 og ekkja hans og börn fram á sjöunda áratug aldarinnar.⁶³

Ásgarður er tvílyft timburhús með lágt risþak. Húsið stendur á hlöðnum múrhúðuðum sökkli og undir suðurhluta þess er steinhlaðinn kjallari. Við norðurstafn er viðbygging með lágt risþak og skúr við austurhlið hennar og norðausturhorn hússins. Bakdyraskúr er við austurhlið hússins sunnarlega. Veggir og þök eru klædd bárujárni og skorsteinn er sunnarlega á mæni. Á framhlið eru átta sex rúðu krosspóstagluggar með þverrimum á milli karms og pósts, tveir níu rúðu tvípósta krossgluggar, einn þriggja rúðu gluggi með þverpósti og þverrim og tveggja rúðu kjallaragluggi. Fjórir sex rúðu krosspóstagluggar eru á suðurstafni, fjórir á austurhlið og einn á norðurstafni. Á austurstafni er auk þess einn tveggja rúðu gluggi og einn á hvorum skúr. Um glugga eru faldar, vatnsbretti að neðan og bjór að ofan. Útidyr eru á framhlið sunnarlega og fyrir þeim fjalahurðir á okum og spjaldsett hurð. Framundan þeim eru trétröppur til hvorrar handar meðfram húshliðinni. Dyr með klæddri okahurð eru á norðurstafni og yfir þeim tveggja rúðu þvergluggi og bjór og steinsteypur tröppur fram undan þeim. Bakdyr eru á austurhlið skúrs og norðurhlið bakdyraskúrs og gengur þakið út yfir dyrnar og er stoð undir norðausturhorni þess. Efst á veggjum er kverkbörð uppi undir þakskeggi og skornir sperruendar. Yst undir þakbrúnum eru sperrur á syluendum, klæddar vindskeið sem strikuð er á neðri brún. Lítill garður er við suðurstafn hússins girtur trégirðingu.

Inn af útidyrum er forstofa með stiga og stofa hvorum megin hennar við framhlið. Eldhús er í suðausturhluta hússins og hurð að bakdyraskúr með forstofu og salerni. Búr er við austurhlið inn af eldhúsi og geymsla innar. Verslun var í norðurenda hússins og viðbyggingu og eru þar upprunalegar innréttingar, og geymsla í skúr við norðausturhorn. Upp af stiga á efri hæð er framloft, tvö herbergi eru við suðurgافل, miðherbergi við austurhlið, innri gangur við norðurenda framlofts, herbergi í norðvesturhorni, baðherbergi í norðausturhorni og inn af því geymsla með stiga upp á risloft yfir

húsinu stafna á milli. Veggir á báðum hæðum eru klæddir strikuðum panelborðum en suðvesturstofa á jarðhæð og suðausturherbergi og hluti framlofts á efri hæð eru plötuklædd. Loft í suðvesturstofu er plötuklætt neðan á bita en panelklætt í eldhúsi, norðvesturstofu, verslun og bakdyraskúr. Í forstofu, búi og geymslu er loft á bitum. Á efri hæð eru loft plötuklædd milli bita en á innra gangi og baðherbergi eru panelklædd loft neðan á bitum. Í risi er borðaklædd súð á sperrum og í veggklæðningu norðurgafls hafa verið notuð gömul tjörguð borð. Þau eru hugsanlega úr Gamalhúsi sem byggt var á þessum stað 1777.



Ásgarður, verslun var rekin í norðurenda hússins og í viðbyggingu við norðurstafn.



Aðalinngangur hússins og trétröppur framan hans.



Bakdyraskúrar við austurhlið Ásgarðs.

11 Ásgarðshjallur

Byggingarár: 1945.⁶⁴

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Hjallurinn var lengri og náði austur að bökkum Skansmýrar eins og sjá má á gömlum ljósmyndum.

Austan við Ásgarð og þvert á hann stendur hjallur. Veggir eru klæddir lóðréttum rimlum og eru slagþilsborð slegin yfir þá að ofanverðu svo lofti um hjallinn að neðanverðu. Á hjallinum er bárujárnsklætt risþak.



Hjallur austan við Ásgarð.

12 Vogur (Nýjahús, Jónshús, Jakobshús, Prestshús, Vogshús)

Byggingarár: 1885.⁶⁵

Hönnuður: Ókunnur.

Athugasemd: Húsið er talið innflutt frá Noregi.⁶⁶

Breytingar: Af ljósmyndum má ráða að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á gluggasetningu á vesturstafni hússins og á skúrviðbyggingum. Í upphafi voru gluggar í húsinu með opnanlegum þverrima að ofanverðu, enginn skúr var við norðurhlið og á húsinu var spónlagt þak. Ný veggklæðning og gluggar voru sett á húsið um 1990. Listar á listaþili eru festir með stjörnuskúfum, gólfborð og veggplötur á jarðhæð hússins eru felld ofan á eldri klæðningar.⁶⁷

Jón Guðmundsson (d. 1888) kaupmaður lét byggja sér nýtt íbúðarhús í Plássinu fyrir botni Grýluvogs 1885. Húsið var í byrjun kallað Nýjahús en síðan Jónshús um hríð en þá Jakobshús eftir Jakobi Þorsteinssyni faktor (1852-1935). Við fráfall Jóns 1888 varð Jakob verslunarstjóri Flateyjarverslunar⁶⁸ en Jófríður Sigurðardóttir ekkja Jóns flutti til Kaupmannahafnar með börn þeirra. Síðar tók tengdasonur þeirra Jóns og Jófríðar, Björn Sigurðsson kaupmaður við rekstrinum. Jakob og seinni kona hans Kristín Jónsdóttir (1858-1946) ljósmóðir fluttu árið 1909 úr Vogu yfir í Bjarg við Vertshússtig sem lengi síðan var kallað *Jakobshús*. Guðni Guðmundsson kaupmaður keypti Flateyjarverslun Jóns 1909 og tók við húsinu en drukknaði ári síðar og eignaðist þá Guðmundur Bergsteinsson verslunina og lagði við sína.⁶⁹ Ekkja Guðna bjó áfram á efri hæð hússins og Jón Jónsson (1877-1959) snikkari og bóndi og fyrri kona hans Guðrún Jakobsdóttir (1877-1915) og síðar seinni kona hans Rósa Oddsdóttir (1890-1977). Jón snikkari byggði sér húsið *Sunnuhvol* árið 1928. Davíð Einarsson verslunarmaður bjó á jarðhæðinni til 1926. Eftir það var húsið gert að prestssetri og bjuggu þar prestarnir Sigurður Einarsson, Sigurður Haukdal og Lárus Halldórsson.⁷⁰ Síðar var hafinn hótél- og veitingarekstur í húsinu⁷¹ og stóð fram til um 2005.

Vogur er tvílyft timburhús með risþak og viðbyggingar með skúrþak eru við báðar hliðar. Húsið stendur á steinhliðnum og steiptum sökkli, kjallari er undir suðurhluta hússins og súrviðbyggingu við suðurhlið. Veggir eru klæddir strikuðu listaþili og hornborðum. Þök eru klædd bárujárni og á hvorri hlið er þakgluggi. Á húsinu eru 15 krosspóstagluggar; tveir á austurstafni, fjórir á hvorri hlið og fimm á vesturstafni. Í þeim eru rammar og sex rúður en þó ekki á norðurhlið, þar eru þverrimar fellir í karm og póst. Að auki eru tveir krosspóstagluggar á hvorum skúr og einn

einnar rúðu gluggi á norðurskúr. Útidyr eru á austurhlið norðurskúrs og tréfallur framan við þær og tvennar dyr eru á suðurskúr.

Forstofa og salerni eru í norðurskúr, á jarðhæð hússins eru stofa, stigi og búr í suðausturhorni. Í suðurskúr eru forstofa og salerni í austurenda og eldhús í vesturhluta. Á efri hæð er framloft upp af stiga og fjögur herbergi; tvö við hvorn gafl og er eldhús í norðausturherbergi og er innangengt á milli herbergja. Í risi er framloft upp af stiga og salerni undir súðinni að norðanverðu og herbergi við hvorn gafl. Veggir, loft og súð á jarðhæð hússins og í skúrum eru klæddir plötum og er eldri klæðning hússins undir þeim. Á efri hæð og í risi eru veggir klæddir strikuðum panelborðum nema risherbergi að vestanverðu sem klætt er standþiljum. Loft á efri hæð eru borðaklædd á milli klæddra bita nema í norðausturherbergi, þar er loft plötuklætt neðan á bita. Í risi er súð panelklædd á milli sperra en vesturherbergi er klætt standsúð og borðum neðan á skambbita. Húsið er málað að innan nema risloft að austanverðu.



Upprunalegt útlit Vogs, listaþil á veggjum, bjór yfir gluggum og dyrum og spónn á þaki. Þjms. L.pr. – 3183.



Vogi hefur verið breytt í gegnum árin, t.d. með viðbyggingum, gluggasetningu og gluggafrágangi.

13 Eyjólfsbú (Oddahús, Tangahús, Pálshús)

Byggingarár: 1885.⁷²

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Skúr, sem var meðfram austurstafni hússins, hefur verið rifinn og stærri kvistur smíðaður á húsið. Upphaflega var pappi á þaki og veggir voru timburklæddir.

Bárar-Ólafur Guðmundsson og tengdasonur hans Eyjólfur Einar Jóhannsson (1852-1900) létu byggja íbúðar- og verslunarhús árið 1885 sem nú er nefnt Eyjólfsbú. Verslunarfélag Björns Sigurðssonar í Flatey eignaðist húsið 1903 og fluttu þá í það Páll A. S. Nikulásson (1864-1932) verslunarmaður og kona hans Björg Pétursdóttir ljósmóðir og bjuggu þar til 1914. Páll var bókhaldari hjá verslun Péturs Á. Ólafssonar á Patreksfirði 1914-1918 en varð þá bókhaldari hjá Eimskipafélagi Íslands í Reykjavík. Eftir að Páll flutti úr Pálshúsi 1914 var húsinu skipt í tvær íbúðir. Bjuggu Steinn Ágúst Jónsson (1879-1969) verslunarmaður og kona hans Katrín Þórðardóttir (1886-1966) í vesturenda þess.



Framhlið Eyjólfsbúss, veggir voru timburklæddir, þak pappklætt og lítil kvistur var á suðurþakinu.



Við bakhlið Eyjólfsbúss eru bakdyraskúrar sem þjóna hvor sinni íbúð.

Austurendinn var leigður út og bjuggu þar m.a. séra Halldór Kristján Kolbeins Eyjólfsson (1893-1964) 1924-1926 og kona hans Lára Ágústa Ólafsdóttir (1898-1973).⁷³ Í kjallara hússins voru um tíma leigðar út tvær íbúðir.⁷⁴ Steinn Ágúst var sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Flateyjar⁷⁵ og er múraður peningaskápur í kjallara hússins frá þeim rekstri.

Eyjólfsbú er einlyft timburhús með krossreist þak og miðjukvist með skúrþak við framhlið. Húsið stendur á hálfniðurgröfnum kjallara úr hlöðnu grjóti og er efri hluti kjallaraveggja smíðaður úr timbri. Við bakhlið hússins eru tveir bakdyraskúrar með geymslum undir og á þeim eru skúrþök. Veggir, og efri hluti kjallara, eru klæddir bárujárni en bakhlið og skúrar eru klæddir sléttu járni. Þök eru bárujárnsklædd og á mæni eru tveir reyk háfar. Á húsinu eru fjöggra rúðu krosspóstagluggar án ramma; fjórir á hvorum stafni, tveir á framhlið og einn á bakhlið og þar er að auki tveggja rúðu gluggi. Efst á gafflhyrnu hvorum megin er þríhyrndur gluggi og annar heldur neðar á gafflhyrnu að vestanverðu. Tveir fjöggra rúðu gluggar eru á kjallara að vestanverðu og einn átta rúðu að norðanverðu. Á vestari bakdyraskúr er fjöggra rúðu gluggi, hleri fyrir geymslu og yfir hleranum bakdyr og trétröppur upp að þeim. Á eystri skúrnum eru tveir hlerar að geymslu og bakdyr með trétröppum upp að og einnar rúðu gluggi. Útidyr eru á miðri framhlið og fram undan þeim trétröppur og kjallaradýr á austurstafni.

Í húsinu eru tvær íbúðir, sín í hvorum enda og er sú að vestanverðu stærri. Inn af útidyrum á framhlið er forstofa, tvær stofur eru við vesturgافل, inn af forstofu er eldhús og í því stigi upp á loft. Úr eldhúsi er gengið í bakdyraskúr við bakhlið. Framloft er upp af stiga, geymslukompa að norðanverðu, kvistherbergi að sunnanverðu og tvö herbergi við gافل. Gengið er inn í íbúð í austurenda um bakdyraskúr. Eldhús með stiga er að norðanverðu og stofa inn af að sunnanverðu. Í risi er svefnloft.

14 Eyjólfspakkhús

Byggingarár: Um 1870-1880.⁷⁶

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Húsinu breytt í sumardvalarstað og hótélrekstur hófst í því árið 2006.

Hönnuðir: Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitektar.

Eyjólfur Einar Jóhannsson (1852-1900) kaupmaður og bóndi lét byggja Eyjólfspakkhús. Guðmundur Bergsteinsson (1878-1941) kaupmaður og útgerðarmaður eignaðist húsið síðar og lét breyta því í fiskþurrkunarhús.⁷⁷ Á síðasta áratug 20. aldar var húsið orðið hrörlegt og tók Minjavernd húsið til viðgerðar og vörslu af Flateyjarhreppi. Húsinu var breytt í sumardvalarstað og árið 2006 tók Hótel Flatey til starfa þar.⁷⁸

Eyjólfspakkhús er einlyft portbyggt timburhús með lágt risþak og stendur á steinhlöðnum sökklí. Veggir eru klæddir strikuðu listapili og þak bárujární. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á hvorum stafni og þrír á bakhlið. Efst á veggjum og á gaflhyrnum eru fjöggra rúðu gluggar með miðpóst; þrír á hvorri hlið og tveir á hvorri gaflhyrnu. Á gaflhyrnu að vestanverðu eru vörudyr og gálgi uppi yfir þeim. Fyrir dyrunum eru tvöfaldar vængjahurðir; fjalahurðir á okum að utanverðu og glerjaðar hurðir að innanverðu. Útidyr eru á miðri framhlið og fyrir þeim tvöfaldar vængjahurðir; fjalahurðir á okum að utan og spjaldsettar og glerjaðar hurðir að innanverðu. Trétröppur eru framundan dyrum.

Inn af útidyrum er forstofa og gangur, stofa er við vesturgafli, eldhús og borðstofa við norðurhlið, bað í suðausturhorni og stigi við suðurhlið austan megin útidyra. Upp af stiga er gangur, salerni í suðausturhorni, tvö herbergi eru við norðurhlið, kames við suðurhlið og stofa við vesturgafli. Veggir hússins eru klæddir standpili, loft eru bordaklædd á milli bita og súð er standklædd neðan á sperrur, opið er upp undir mæni og skambitar eru óklæddir.



Eyjólfspakkhús hefur hlotið vandaða viðgerð og verið breytt í sumardvalarstað. Að ofan er herbergi við vesturgafli og að neðan sést útlit hússins.



15 Stórapakkhús

Byggingarár: 1918.⁷⁹

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Húsinu breytt til hótélrekesturs og hefst starfsemi í því árið 2007.

Hönnuðir: Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitektar.



Vesturgafli og suðurhlíð Stórapakkhúss.



Samkomuhúsið t.v., Stórapakkhús fyrir miðju og Eyjólfspakkhús t.h.



Bjössahjallur norðan við Stórapakkhús.

Björn Sigurðsson kaupmaður tók við rekstri Flateyjarverslunar af Jakobi Þorsteinssyni sem hafði rekið hana í fyrstu eftir fráfall Jóns Guðmundssonar kaupmanns 1888. Lét Björn hlaða kjallara, Saltkjallarann, sem notaður var sem saltgeymsla. Guðmundur Bergsteinsson kaupmaður lét síðan byggja hús á kjallarann 1918.⁸⁰ Húsið hefur verið talið eldra, jafnvel byggt á árunum 1880-1890, en á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 og kópíum sem hann teiknaði 1911 er ekki sýnt hús á þessum stað, aðeins útlínur kjallarans. Ljósmyndir frá þessum tíma sýna aðeins kjallaraveggina.

Á síðasta áratug 20. aldar var húsið orðið hrörlegt og tók Minjavernd við húsinu til vörslu og viðgerðar af Flateyjarhreppi og lýkur þeim vorið 2007.⁸¹

Stórapakkhús er einlyft portbyggt timburhús með lágt risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum kjallara. Veggir eru klæddir strikuðu listapili og þak bárujárni og tveir þakgluggar eru á suðurhlíð þess. Á húsinu eru 11 sex rúðu krosspóstagluggar; þrír á suðurhlíð, þrír á vesturstafni og fimm á bakhlið. Þrír fjöggra rúðu krosspóstagluggar eru á suðurhlíð og fimm á bakhlið. Á kjallara eru fimm fjöggra rúðu gluggar með miðpóst. Tvennar vörudyr með vængjahurðum á okum eru á suðurhlíð og einar á kjallara. Við norðurhlíð hússins er reykháfur úr málm. Unnið er að viðgerð hússins og er frágangi innandyra ólokið (2006).

16 Bjössahjallur norðan við Stórapakkhús

Byggingarár: Smíðaður upp 2002-2004.

Hönnuður: Ókunnur.

Yst á sjávarhömrum norðan við *Stórapakkhús* stendur hjallur, einlyft timburhús með risþak á hlaðinni og steyptri undirstöðu. Veggir eru klæddir slagþili en efsti hluti gaffhlaðs hvorum megin er klæddur láréttum borðum og þak er bárujárnsklætt. Dyr eru á miðjum suðurstafni og yfir þeim einnar rúðu gluggi.

17 Samkomuhúsið (Nýjapakkhús, Loftskæptastöðin)

Byggingarár: Um 1880-1890.⁸²
Hönnuður: Ókunnur.

Húsið var byggt sem pakkhús og var notað sem slíkt þar til loftskæptastöð tók til starfa í húsinu 1. desember 1918. Loftskæptamastur, 50 metra hátt, var reist þar sem relluturninn stendur nú um stundir en mastrið var stagað niður í steinsteypt akkeri sem enn sjást vel. Loftskæptastöð var rekin í húsinu fram til 1931 og stöðvarstjóri var Guðmundur Jóhannesson (1894-1977) loftskæptamaður. Síðan eignaðist Ungmennafélag Flateyjar húsið og í því voru haldnar samkomur og dansleikir.⁸³ Minjavernd tók við húsinu til viðgerðar og vörslu af Flateyjarhreppi og sumarið 2006 var opnuð í því veitingasala.

Samkomuhúsið er einlyft portbyggt timburhús með lágt risþak. Við suðurhlíð hússins er anddyri með skúrþak. Stórapakkhús er byggt upp að vesturstafni Samkomuhússins. Húsið stendur á steinhlöðnum og steyptum múrhúðudum sökklí, veggir eru klæddir strikuðu listapili og þök bárujárni. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á anddyri, þrír á suðurhlíð, þar af einn inn að forstofu í anddyri, tveir á austurstafni og fjórir á norðurhlíð. Um glugga eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Vörudyr með fjalahurðum á okum eru á gafhláði og vörugálgi yfir. Útidyr eru á anddyri að austanverðu og fyrir þeim okahurð klædd skásettum panelborðum. Gengið er frá dyrum á svipaðan hátt og gluggum. Fram undan útidyrum eru steinsteyptar tröppur.

Inn af dyrum er forstofa og salerni innst að vestanverðu. Veggir í anddyri eru klæddir strikuðum panelborðum en suðurveggur hússins er klæddur listapili og súðin plötuklædd. Úr forstofu er gengið í samkomuhúsið; salur er í eystri hluta þess og leiksvið að vestanverðu, hafið yfir salinn um þrjú þrep, og loft opið upp undir mæni. Endar þverbíta eru ofarlega á veggjum og á þeim skástoðir upp undir sperrur. Togbönd eru um þvert húsið neðst á milli sperra en hanabjálkar ofarlega. Veggir samkomuhússins eru klæddir sléttum panelborðum og súðin plötuklædd á milli sperra. Tvennar dyr eru á vesturgafli, að norðanverðu að eldhúsi í austurhluta Stórapakkhúss og að sunnanverðu að gangi við suðurhlíð pakkhússins.



Samkomuhúsið t.h. og Stórapakkhús við vesturstafn þess.



Vesturstafn og suðurhlíð Samkomuhússins ásamt inngönguskúr.



Horft yfir sal Samkomuhússins af leiksviði.

18 Vorsalir (Sölubúðin, Kaupfélagið)

Byggingarár: 1895.⁸⁴

Hönnuður: Ókunnur.

Athugasemd: Gerð og frágangur hússins benda til þess að það gæti hafi verið flutt tilnsniðið til landsins.



Upprunalegt útlit Sölubúðarinnar, t.h. sést í Gamlhús. Þjms. L.pr. – 3184.



Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu; inngangur færður á suðurhlið skúrs og gluggi settur á norðurhlið.



Verslunarinnrétting í vesturenda Sölubúðarinnar hefur varðveist lítið breytt.

Vorsalir fengu þetta nafn á áttunda áratug 20. aldar af eiganda sínum Guðmundi Páli Ólafssyni. Upphaflega var húsið kallað Sölubúðin en Kaupfélagið á meðan Kaupfélag Flateyjar rak verslun í húsinu um áratuga skeið fram til um 1958. Jón Guðmundsson kaupmaður lést 1888 og tók þá Jófríður ekkja hans við rekstri Flateyjarverslunar, fyrst með hjálp Jakobs Þorsteinssonar factors, og síðar tók tengdasonur þeirra, Björn Sigurðsson við rekstrinum. Húsið var byggt árið 1895 og var það metið til hússkatts 1896.

Húsið var byggt sem verslunar- og vöruheymsluhús og í því rak Björn Sigurðsson verslun ásamt dönskum kaupþýslumönnum sem stofnuðu með honum árið 1898 stórt útgerðar- og verslunarfyrirtæki, Islandsk Handel og Fiskeri Co. (IHF).⁸⁵ Síðar tók Guðmundur Bergsteinsson í Ásgarði við húsinu og rak þar verslun um Kaupfélag Flateyjar eignaðist húsið eftir að Guðmundur varð að draga úr umsvifum sínum 1922.⁸⁶ Eftir að Kaupfélagið varð gjaldþrota komst húsið í eigu Flateyjarhrepps og síðan 1973 í eigu Guðmundar Páls Ólafssonar. Næsta áratug eða svo var unnið að viðgerð hússins og því breytt í íbúðarhús.⁸⁷ Verslunarinnrétting á jarðhæð í vesturenda hússins hefur þó verið varðveitt að mestu og húsið heldur upprunalegu útliti.

Vorsalir er einlyft portbyggt timburhús með risþak og stendur á háum steinhlöðnum múrhúðuðum kjallara. Anddyri með risþak er við vesturstafn hússins og á því eru útidyr að sunnanverðu og trétröppur framan við og kjallaradyr á vesturstafni. Við suðurhlið austanverða er bakdyraskúr á tréundirstöðum og á honum skúrþak. Veggir eru klæddir strikuðu listapili, þök eru bárujárnsklædd, reykháfur er á mæni austarlega og þakgluggi á hvorri hlið. Á framstafni eru tveir tvíþosta níu rúðu krosspóstagluggar, einn sex rúðu krosspóstagluggi, tveir þriggja rúðu gluggar með þverpósti og efst á gaflhyrnu er tveggja rúðu gluggi. Fjögra rúðu gluggi er á framstafni anddyris. Á hvorri húshlið er sex rúðu krosspóstagluggi og þrjár á austurstafni, tveir þeirra reyndar án ramma og með fjórum rúðum, og einnar rúðu gluggi efst á gafhláði. Um glugga eru strikaðir faldar, vatnsbretti að neðan og bjór yfir og svipaður frágangur er um dyr hússins. Þrjár tveggja rúðu gluggar eru á kjallara. Undir

Þakskeggi er kverkborð og skornir sperruendar. Yst undir þakbrúnum eru sperrur á veggsylluendum og eru þeir klæddir fjöl randskorinni neðanvert, og hanabjálki er á milli sperra ofarlega.

Inn af anddyri er stofa í vesturhluta hússins og megnið af upprunalegri innréttingu verslunarinnar sem þar var. Þverveggir eru austarlega í húsinu og stigi upp á efri hæð á milli þeirra og dyr á þverveggjunum framan og aftan við stigann. Framan við stigann að sunnanverðu er gangur að forstofu og salerni í bakdyraskúr en að norðanverðu undir stiganum er sturta og forstofa frá því að dyr voru á norðurhlið hússins og lúga að kjallara. Eldhús og borðstofa eru við austurgafli. Upp af stiga er framloft, gangur og stigi upp í ris. Herbergi er við austurgafli en að vestanverðu eru tvo súðarherbergi og herbergi fyrir miðju. Í risi er herbergi í hvorum enda hússins. Veggir á jarðhæð og á framlofti og í austurherbergi á efri hæð eru klæddir strikuðum panelborðum en bakdyraskúr er plötuklæddur. Loft í stofu og borðstofu eru panelklædd á milli bita en í anddyri, gangi við stiga og í eldhúsi eru loft panelklædd neðan á bita. Í forstofu að norðanverðu er loft á bitum og í bakdyraskúr en panelklædd súð neðan á sperrum. Veggir í herbergjum í vesturenda eru klæddir spjaldaþili og súð klædd standsúð og slétt borðaklæðning er neðan á bitum. Risloft er ófrágengið og kjallaraveggir óklæddir að innan og yfir er loft á bitum. Húsið er málað að innan að frátöldum stigagangi, stiga, framlofti og herbergjum í vesturenda efri hæðar.

19 Skansinn austan við Vorsali

Byggingarár: Byggt í þremur áföngum; miðhluti hússins, sláturhús, er byggt 1924-1925, suðurendi er hjallur byggður 2002 og norðurendi er bátaskýli og vinnustofa byggður árið 2002.

Hönnuður: Sláturhússins er ókunnur en Hjörleifur Stefánsson arkitekt hannaði viðbyggingarnar við hvorn enda þess.⁸⁸

Breytingar: Þak á sláturhúsi lagt torfi árið 1987.

Kaupfélag Flateyjar lét um árið 1950 byggja bifreiðageymslu fyrir tvö vörubíla norðan við sláturhúsið en hún var rifin 2002.⁸⁹

Norðurendi Skansins er klæddur lóðréttri borðaklæðningu og þak rennisúð. Stórar vörudyr með vængjahurðum eru á vesturhlið, fjórir tveggja rúðu gluggar með miðpóst eru á norðurgafli og tveir fjöggra rúðu krosspóstagluggar á austurhlið. Stór þakgluggi er á hvorri þakhlið og einn minni að austanverðu. Sláturhúsið, miðhluti Skanssins, er einlyft timburhús á steinsteypum sökklí og með lágt risþak. Veggir eru klæddir listaþili að

vestanverðu en lóðréttri borðaklæðningu og plötum að austanverðu. Torf er á þaki. Þrjár dyr og tveir þriggja rúðu gluggar með tveimur miðpóstum eru á vesturhlið og tveir gluggar á austurhlið. Við suðurgafli sláturhússins er hjallur klæddur lóðréttrum rimum og slagþili. Minna ris er á þaki hjallsins en á hinum húshlutunum tveimur og á því torfþekja. (Húsið ekki skoðað að innan.)

20 Relluturn

Byggingarár: 1945.

Hönnuður: Ókunnur.

Kaupfélag Flateyjar lét árið 1945 reisa vindrafstöð á steinsteyppt mastur norðan við Skansinn. Gestur O. Gestsson smiður og kennari í *Sólheimum* hafði umsjón með smíði relluturnsins eins og mastríð var nefnt í daglegu tali. Rafmagn var leitt í hús Kaupfélagsins og *Bentshús*. Þarna hafði áður staðið loftskammtastur frá *Loftskammtastöðinni* sem var til húsa í *Samkomuhúsinu*.⁹⁰



Skansinn við Vorsal; bátaskýli og vinnustofa, sláturhús og hjallur.



Skansinn og relluturninn.

Hús við Vertshússtíg

21 Bentshús

Byggingarár: 1871.

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Árið 1926 voru settir tvíþósta krosspóstagluggar í húsið í stað minni krosspóstaglugga.⁹¹



Húsin við Vertshússtíg; Bentshús, Vinaminni, Vertshús og fjær Strýta og Bjarg.



Vesturstafn og norðurhlið Bentshúss.

Bent Jónsson (1830-1873) kaupmaður lét byggja Bentshús 1871 og bjó þar ásamt konu sinni Guðnýju Jóhannesdóttur. Bent, sem var í verslunarrekstri með Jóni Guðmundssyni, lést tveimur árum síðar. Guðný tók við verslunareigninni og Jónas sonur þeirra þegar hún lést 1887 en hann féll frá tveimur árum síðar. Næstu árin bjuggu ýmsir í húsinu en 1894 eignuðust það Hallbjörn Bergmann skipstjóri, sem bjó á efri hæðinni, og Jóhann Arason skipstjóri og bjuggu í því til dauðadags. Jóhann var skipstjóri á skútunni Arney sem var í eigu Guðmundar Bergsteinssonar kaupmanns og útgerðarmanns. Bogi Guðmundsson smiður og kaupmaður stundaði verslunarrekstur í einu herbergi hússins 1908-1910 en flutti þá í *Bogabúð*. Að Hallbirni og Jóhanni gengnum bjó Sigfús S.

Bergmann kaupfélagsstjóri, sonur Hallbjörns, á efri hæðinni og Guðmundur Jóhannesson loftskeytamaður, tengdasonur Jóhanns, á neðri hæðinni. Þegar rekstri loftskeytastöðvarinnar var hætt 1931 leigði Arngrímur Björnsson læknir neðri hæðina, en Ögmundur Ólafsson skipstjóri eignaðist hana 1937 og síðan Ágúst Pétursson skipstjóri.⁹²

Bentshús er tvílyft timburhús með lágt risþak og tveggja hæða viðbyggingu með skúrþak við norðurhlið. Húsið stendur á steinhlaðinni og steyptri undirstöðu og veggir eru klæddir bárujárni og hornborðum. Þak er bárujárnsklætt og á því norðanveru eru tveir reykháfar úr málm og þakgluggi að sunnanverðu. Á framhlið hússins eru þrjár nýu rúðu tvíkrosspóstagluggar og einn á vesturstafni. Tveir sex rúðu krosspóstagluggar eru á hvorum stafni og einnar rúðu gluggi efst á gafflhyrnu. Á norðurhlið eru tveir sex rúðu krosspóstagluggar, tveir á viðbyggingu og á henni eru einnig tveir sex rúðu gluggar með miðpóst. Útidyr eru á vesturhlið viðbyggingar og fyrir þeim spjaldahurð og steinsteyptur pallur framan þeirra og tröppur með þremur þrepum.

Í húsinu er íbúð á hvorri hæð. Inn af útidyrum er anddyri, stigi upp á efri hæð og baðherbergi undir stiga. Úr anddyri er gengið inn í forstofu í íbúð neðri hæðar um spjaldsetta og glerjaða hurð með fjöggra rúðu þverglugga yfir. Herbergi er við vesturgöfl og tvær stofur við suðurhlið með rennihurðum á milli, borðstofa er inn af forstofu að austanverðu og eldhús í viðbyggingu. Veggir í anddyri eru panelklæddir, forstofa og herbergi eru klædd spjaldapili, stofur báðar veggfóðraðar, borðstofa er klædd brjóstþili og plötum og eldhús er panelklætt. Loft í forstofu er klætt panil og borðum neðan á bita og í herbergi er panelklætt milli bita. Suðvesturstofa er borðaklædd neðan á bita, loft í suðurstofu er strekkt með málningarpappír og í báðum stofum eru rósettur í lofti og gipskverklistar í suðurstofu. Loft í borðstofu er plötuklætt neðan á bita en plötuklætt milli bita í eldhúsi.

Upp af stiga er framloft og baðherbergi að austanverðu. Gangur er næst framlofti, stofa í suðvesturhluta, kames í norðvesturhorni, stofa við miðja suðurhlið, herbergi í suðausturhorni og eldhús að norðaustanverðu. Framloft og baðherbergi eru klædd sléttum panil en gangur, eldhús, suðurstofa og herbergi eru klædd strikuðum panelborðum. Suðvesturstofa er veggfóðruð og kames klætt málningarpappír. Súð á framlofti og baðherbergi er panilklædd og loft á gangi og í eldhúsi eru klædd plötum neðan á bita. Loft í suðurstofu og suðausturherbergi eru panelklædd milli bita og málningarpappír er á milli bita í suðvesturstofu og kamesi.

22 Vinaminni

Byggingarár: 1908-1909.

Hönnuður: Ókunnur.

Athugasemd: Við byggingu hússins var notað efni úr húsi sem stóð við Hermannshús.⁹³

Guðmundur Guðmundsson (1883-1962) byggði húsið en kona hans var Jensína Henrietta (1886-1955) skáldkona, dóttir Hermanns S. Jónssonar skipstjóra og verslunarmanns í *Hermannshúsi*. Þau fluttust að Otradal í Arnarfirði 1913 og komst Vinaminni þá í eigu Sigurðar Sigurðssonar „norska“ og Guðjóns Ingimundarsonar. Eftir það var byggt við húsið að norðanverðu.⁹⁴

Vinaminni er einlyft portbyggt timburhús með risþak. Við norðurhlið er portreist viðbygging með risþak og anddyri við suðurhlið með lágt risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum sökklí og veggir eru klæddir bárujární og hornborðum. Þök eru bárujárnsklædd, á mæni aðalbyggingar er reykháfur og þakgluggi á suðurhlið. Á húsinu eru sjö fjöggra rúðu krosspóstagluggar og fjórir tvíþósta með níu rúðum, þar af þrír á viðbyggingu og á hvorri gafflhrynu hennar eru litlir fjöggra rúðu krosspóstagluggar. Útidyr eru á vesturhlið anddyris og fyrir þeim glerjuð spjaldahurð. Fram undan þeim og meðfram vesturhlið hússins er trépallur og upp á hann tvö þrep.

Inn af anddyri er gangur og stigi upp á efri hæð. Af gangi er gengið í herbergi í suðvesturhluta og baðherbergi í suðausturhluta. Opið er af gangi inn í borðstofu og eldhúsi í norðurhluta hússins. Upp af stiga er framloft þvert um húsið, herbergi við vesturgafli, annað minna við austurgafli og inn af því kames að sunnanverðu. Stofa er í viðbyggingu og stigi í eldhúsi upp á loftherbergi yfir henni. Veggir í anddyri og baðherbergi eru plötuklæddir og panelklæddir veggir eru á gangi, í borðstofu, eldhúsi og á efri hæð. Í anddyri er plötuklædd súð, í herbergi er loft plötuklætt á milli bita og í borðstofu, eldhúsi og baðherbergi er loft á bitum. Súð á efri hæð er panelklædd. Stofuveggir í viðbyggingu eru panelklæddir, loft plötuklætt á milli bita en í risi eru veggir og súð plötuklædd. Panelklæddir veggir á jarðhæð aðalbyggingar og viðbyggingar og risloft yfir henni eru ómáluð en að öðru leyti er húsið málað að innan.



Vinaminni, vesturstafnar og anddyri við suðurhlið.



Vinaminni séð frá austri.

23 Vertshús – vesturendi (Veitingahús, Hótel Flatey)

Byggingarár: 1886.

Hönnuður: Magnús vert Magnússon forsmiður.⁹⁵

Breytingar: Í öndverðu var framhlið hússins pappklædd og þak spónlagt.



Samkvæmi framan við Vertshús um 1893, Magnús vert situr hægra megin við borðið fyrir miðri mynd og Þorbjörg kona hans stendur við hlið hans. Þjms. L.pr. – 3097.



Vertshús, vesturendi nær og viðbygging við austurstafn, fjær sést í Myllustaði.

Magnús vert Magnússon (1854-1933) Hákonarsonar prests á Stað í Steingrímsfirði var sigldur snikkari. Hann flutti út í Flatey 1876 og tveimur árum síðar kvæntist hann Þorbjörgu Ólafsdóttur (1849-1929). Magnús stundaði smíðar í Flatey⁹⁶ og víðar og byggði m.a. Hagakirkju á Barðaströnd 1892-1893.⁹⁷ Hjá honum lærðu margir smíðar og var einn þeirra Bogi Guðmundsson smiður og kaupmaður.⁹⁸ Magnús byggði Vertshús 1886 og rak þar veitingasölu með konu sinni og búskap og stundaði sjósókn, einkum hákarlaveiðar. Þeim varð ekki barna auðið en ólu upp fósturbörn; Kristján Skagfjörð kaupmann og Þorbjörgu Sæmundsdóttur. Magnús átti launson, Karl skipstjóra sem var giftur

Sigurborgu Guðmundsdóttur úr Ásgarði. Eftir að Magnús lést keypti Bogi Guðmundsson í *Bogabúð* húsið og rak veitingasöluna í nokkur ár með konu sinni. Seldi hann síðar Guðmundi Zakaríassyni húsið og var rekin veitingasala í húsinu um árabíl. Bogi hélt eftir viðbyggingu við austurgafli hússins og byggði ofan á hana eina hæð.⁹⁹

Vertshús er tvílyft timburhús með risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum sökklí, framhlið og vesturgafli eru klædd vatnasklæðningu og hornborðum en bakhlið lóðréttum panelborðum. Þak er bárujárnsklætt, reykháfur er á mæni og þakgluggi að sunnanverðu. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; sex á framhlið, fimm á vesturstafni, þrjú á bakhlið auk eins þriggja rúðu glugga og einn á gafhláði að austanverðu. Um glugga eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Útidyr eru á miðri framhlið og fyrir þeim tvöfaldar spjaldsettar vængjahurðir og fjöggra rúðu þverggluggi. Um dyrnar eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og steinsteypt stétt fram undan þeim. Við austurstafn hússins er tveggja hæða viðbygging, sjá *Vertshús – austurendi*.

Inn af útidyrum er forstofa og stigi upp á efri hæð. Stofur eru við framhlið hvorum megin gangs, eldhús við bakhlið og baðherbergi inn af því við austurgafli. Upp af stiga er framloft með stiga upp í ris, herbergi hvorum megin þess við framhlið og eru kojur í herberginu að austanverðu frá því að greiðasala var rekin í húsinu. Við bakhlið eru þrjú herbergi. Í risi er affiljað herbergi við vesturgafli. Veggir á jarðhæð eru klæddir strikuðum panelborðum og suðausturstofa er klædd spjaldapili með strikuðum panelborðum. Í forstofu og suðvesturstofu er loft á bitum en í öðrum herbergjum á jarðhæð er plötuklæðning á milli bita. Framloft er klætt strikuðum og sléttum panelborðum, suðvesturherbergi er klætt standþili og sléttum panil, norðvesturherbergi er klætt strikuðum og sléttum panelborðum, miðherbergi við bakhlið er klætt standþili og strikuðum og sléttum panelborðum, norðausturherbergi er klætt standþiljum og suðausturherbergi er klætt standþiljum og strikuðum panelborðum. Á efri hæð er loft á bitum. Vesturherbergi í risi er klætt standþili og sneiddum panelborðum súð borðaklædd neðan á sperrur en að austanverðu er gaflveggur óklæddur, súð borðaklædd ofan á sperrur og opin upp undir mæni, og hanabjálkar ofarlega á milli sperra. Við stigaop er verk úr með sléttum pílarum og renndum hnúðum á hornstöðum. Húsið er málað að innan að frátöldum austurherbergjum á efri hæð og austurhluta rislofts.

24 Vertshús – austurendi

Byggingarár: 1901.

Hönnuður: Magnús vert Magnússon forsmiður.

Breytingar: Hækkað í tvær hæðir.

Hönnuður: Bogi Guðmundsson smiður og kaupmaður.¹⁰⁰

Enn síðar sett á húsið lágt risþak í stað skúrþaks.

Hönnuður: Ókunnur.

Austurendi Vertshúss er tvílyft timburhús með lágt risþak. Við bakhlið þess er anddyri með skúrþak. Húsið stendur á steinhlöðnum sökklí, veggir eru klæddir strikuðu listapili og þök bárujárni. Reykháfur úr málmí er upp úr þaki að norðanverðu við austurstafn Vertshúss. Á húsinu eru sex rúðu krosspóstagluggar; fjórir á framhlið, tveir á austurstafni og þrír á bakhlið. Tveggja rúðu gluggi er á norðurhlið anddyris og útidyr að vestanverðu. Um glugga eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Norðaustan við húsið er geymsluskúr með risþak, plötuklæddur á veggjum og bárujárnsklæddur á þaki.

Eldhús er í norðurhluta hússins, og stig upp á efri hæð og stofa að sunnanverðu. Framloft er upp af stiga og þrjú herbergi á hæðinni. Anddyri er klætt sléttum panelborðum og plötum eldhús er plötuklætt og stofa klædd standþili. Súð í anddyri er plötuklædd, í eldhúsi eru plötur í lofti á milli bita og stofuloft er plötuklætt neðan á bita. Á efri hæð eru veggir plötuklæddir og súð klædd sneiddum panelborðum.



Vertshús, viðbygging við austurstafn hússins var í öndverðu ein hæð en var hækkuð síðar.

25 Myllustaðir

Byggingarár: 1997.

Hönnuður: VT-teiknistofan.

Á þessum slóðum stóð torfbærinn Myllustaðir og þar bjó m.a. Magnús malari sem malaði korn í myllu Guðmundar Schevings kaupmanns sem stóð á Myllumó.¹⁰¹

Myllustaðir er einlyft portbyggt timburhús með risþak. Anddyri með risþak er við bakhlið þess. Húsið stendur á steinsteyptum sökklí, veggir eru klæddir listapili og þök bárujárni. Norðan við húsið er skúr með listapil á veggjum og koparklætt risþak og reykþáf. Tréþallur er á milli húss og skúrs og tréveggur að austanverðu. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; fjórir á framhlið, tveir á vesturstafni, þrír á bakhlið og einn á austurstafni. Á vesturstafni eru tveir fjöggra rúðu gluggar með miðpóst. Efst á framhlið eru fjórir tveggja rúðu gluggar með miðpóst og einn á bakhlið. Þrjár einnar rúðu gluggar eru á bakhlið, einn á anddyri og annar á austurstafni. Útidyr eru á vesturhlið anddyris. Á geymsluskúr er fjöggra rúðu gluggi á vesturstafni, annar á bakhlið og þrjár einnar rúðu gluggar og dyr á suðurhlið.

Á jarðhæð hússins er baðherbergi, eldhús í austurenda og stofa í vesturenda og stigi upp á loft, þar er stofa í vesturenda og tvö herbergi í austurenda. Veggir eru klæddir brjóstþili með strikuðum panelborðum að neðan og sléttum plötum að ofan, loft á jarðhæð er panelklætt neðan á bita og á efri hæð er súð plötuklædd og loft klætt strikuðum panelborðum neðan á skammbita. Í skúr er geymsla, kyndiklefi og þvottaaðstaða, veggir og súð eru plötuklædd.



Myllustaðir voru byggðir árið 1997.

26 Strýta, Jaðar

Byggingarár: 1918

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Byggt 1918, flutt líklega 1922 suður á eyjuna og aftur 1977 á núverandi stað.¹⁰²



Strýta stóð sunnan Skansmyrar en var flutt suður á eyjuna, sett á háan kjallara og tók þá nafn af útliti sínu sem enn helst. Húsið var flutt á Bakkana 1977.



Norðurhlið Strýtu og Bjarg fjær.



Bjarg, suðurhlið og austurstafn.

Húsið byggði Magnús Jónsson vélstjóri þar sem húsið *Vegamót* stóð síðar. Húsið var flutt suður á eyjuna, nærri Hólsbúð, sett á háan steypant kjallara og var kallað Strýta af lögun þess. Í því bjó lengi Ágúst Pétursson. Árið 1977 var það flutt á núverandi stað á Bökkunum við Vertshústíg og lengt.¹⁰³

Strýta er einlyft portbyggt timburhús með risþak og anddyri með risþak er við framhlið. Húsið stendur á steinsteypum stöðum og á milli þeirra er klætt með láréttum borðum. Veggir eru klæddir bárujárni og hornborðum. Þök eru klædd báruðum asbestsplötum og reykháfur með reykrör er við mæni á suðurhlið þaks. Mismunandi gluggagerðir eru á húsinu og um þá einfaldir faldar til hliða og vatnsbretti að ofan og neðan og barokskorin fjöl undir neðra vatnsbretti. Á því eru fimm gluggar með þremur rúðum og þverpóst ofarlega og einum lóðréttum pósti ofan hans. Einn þeirra er á framhlið og tveir á vesturstafni og tveir á bakhlið. Þrjú gluggar eru með sex rúðum milli lóðréttis og láréttra pósta; einn á hvorri hlið og einn á austurstafni. Á framhlið er að auki gluggi með þremur rúðum og þverpóstum og tveir einnar rúðu gluggar á austurstafni. Tveggja rúðu gluggi er á suðurhlið anddyris og dyr á vesturhlið og tréþallur framan þeirra. Á bakhlið er lúga á milli stoðstökkla að geymslu undir húsinu. (Húsið var ekki skoðað að innan.)

27 Bjarg (Jóhannesarhús, Jakobshús, Bókasafnið)

Byggingarár: 1879.

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Húsið var forskalað en múrhúðun var brotin af því og húsið fært til upprunalegs horfs nýverið.

Jóhannes Bjarnason lét byggja húsið og leigði það Oddi Jónssyni lækni. Hann þótti „drykkjugjarn og óx sá löstur hans ár frá ári uns Flateyngar urðu jafnfegnir að losna við hann, sem að fá hann,”¹⁰⁴ eins og Jens Hermannsson kemst að orði í Sögu Flateyjarhrepps. Jóhannes flutti þá í húsið með konu sinni og bjuggu þau þar til ársins 1907 er þau fluttu úr Flatey. Jakob Þorsteinsson verslunarstjóri (1852-1935) og seinni kona hans Kristín Jónsdóttir

(1858-1946) ljósmóðir keyptu húsið og bjuggu þar til dánardags. Húsið var notað til íbúðar eftir að Kristín lést 1946 en á árunum 1954-1992 var Bókasafn Flateyjar þar til húsa.¹⁰⁵

Bjarg er einlyft timburhús með krossreist þak og anddyri með skúrþak við framhlið. Veggir eru klæddir strikuðu listabili og þök bárujárni. Þakgluggi er á norðurhlið. Undir þakskeggi, framan á sperrutám, er táborð ávalt á neðri brún og hornborð annars vegar á hverju horni og vatnsbretti neðst á veggjum. Á húsinu eru tíu sex rúðu gluggar með miðpóst; þrír á hvorri hlið og tveir á hvorum stafni. Auk þeirra er á hvoru gaflhlaði fjöggra rúðu gluggi með miðpóst. Yfir gluggum á stöfnum er lágur bjór. Einnar rúðu gluggi er á suðurhlið anddyris og dyr á vesturhlið og tréfallur framan þeirra. Geymsluskúr er norðaustan við húsið, klæddur listabili og hornborðum, þak bárujárni og dyr eru á hvorum stafni hans. (Húsið var ekki skoðað að innan.)

28 Einarshús (Skrína)

Byggingarár: 1907 eða 1908.¹⁰⁶

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Byggt hefur verið við austurgافل og norðurhlið og þaki lyft.

Einar Jónsson (1866-1944) sjómaður byggði Einarshús og er það innsta húsið á Bökkunum. Kona hans var Halldóra Finnsdóttir (1872-1908) en síðar bjó hann í húsinu með ráðskonu sinni Guðríði Sigurðardóttur (1871-1957). Húsið var stækkað með viðbyggingum til austurs og norðurs og norðurhlið þaksins lyft og eftir það kallað Skrína af lögun þess.¹⁰⁷

Skrína er ein- og tvílyft timburhús. Miðhluti hússins, sem jafnframt er elsti hluti þess, er einlyftur og með rispak að sunnanverðu og reykháfi á mæni. Við norðurhlið þess er tvílyft viðbygging með skúrþak sem nær upp á mæni elsta hlutans. Einlyft skúrviðbygging með lágt rispak er við suðurhlið og austurstafn hússins. Húsið stendur á steinhlöðnum og steiptum sökkli, veggir eru klæddir listabili og þök bárujárni. Á húsinu eru gluggar með sex rúðum, miðpósti og þverpóstum og útidyr á vesturhlið skúrviðbyggingar. (Húsið var ekki skoðað að innan.)



Bjarg er klætt strikuðu listabili og undir þakskeggi er kverkborð og táborð ávalt á neðri brún.



Bjarg t.v. og Skrína fjær.

Hús austan við Skansmýri

29 Sólheimar

Byggingarár: 1935.

Hönnuður: Gestur Oddfinnur Gestsson kennari og smiður.

Á háhólnum austan við Skansmýri og Myllumó, þar sem áður stóð vindmylla Guðmundar Schevings kaupmanns, byggði Gestur Oddfinnur Gestsson smiður og kennari sér íbúðarhús árið 1935.¹⁰⁸



Sólheimar og Skrína fjær.

Sólheimar er einlyft portbyggt timburhús á steinsteypum kjallara. Á húsinu er risþak og stór þakkvistur hvorum megin með skúrþak og reykháfur við mæni að austanverðu. Inndregnar svalir eru á gafhláði að sunnanverðu. Þær ganga lítið eitt fram úr vegg og um þær handrið með láréttum borðum. Veggir eru klæddir slagþili og þak bárujárn. Á húsinu eru sex gluggar með fjórum misstórum rúðum og láréttum pósti ofarlega og lóðréttum pósti út við hlið, ýmist til hægri eða vinstri. Einn slíkur gluggi er á hvorum kvisti, tveir á suðurstafni, einn á bakhlið og einn á norðurstafni. Á framhlið er tveggja rúðu gluggi með þverpóst ofarlega, á suðurstafni eru tveir einnar rúðu gluggar hvorum megin svaladyra og á norðurgafhlýrnunni eru þrjár einnar rúðu gluggar. Fimm einnar rúðu gluggar eru á kjallara og einn þriggja rúðu. Kjallaradyr eru á austurhlið nærri suðurstafni. Útidyr eru á framhlið norðanverðri og fyrir þeim tvöfaldar hurðir, spjaldsettar og glerjaðar. Fram undan þeim eru steinsteypar tröppur.

Inn af dyrum er forstofa með stiga, stofa og herbergi í suðurhluta en eldhús og borðstofa í norðurhluta. Upp af stiga er framloft, þrjú herbergi í suðurhluta en geymsla og baðherbergi í norðurhluta. Veggir í forstofu og stofu eru klæddir strikuðum panelborðum en önnur herbergi plötuklædd. Loft í forstofu er klætt málningarappír en önnur loft plötuklædd. Veggir á framlofti eru panelklæddir, miðherbergi að sunnanverðu er klætt brjóstþili að neðanverðu með krossviðsplötum í reitum en að ofan eru veggir veggfóðraðir. Önnur herbergi og loft og súð eru plötuklædd.

30 Fjós, hlaða og hjallur við Sólheima

Byggingarár: 1954.

Hönnuður: Ókunnur.



Austan við Sólheima er fjós, hlaða og hjallur.

Austan við Sólheima er sambyggt fjós, hlaða og hjallur, timburhús á hlöðnum og steypum sökkli með risþak. Hlaðan og hjallur eru undir sama þaki, hlaða að vestanverðu en hjallur í austurenda. Þvert á hlöðuna að sunnanverðu er fjós. Fjós og norðurhlið hlöðu eru plötuklædd en vesturstafn hlöðunnar er klæddur lóðréttum óplægðum borðum. Efri hluti norðurveggjar hjallsins er klæddur slagþili en neðri hluti láréttum rimum. Efri hluti veggja að austanverðu og sunnanverðu er bárujárnsklæddur. Unnið er að viðgerð hússins og framkvæmdum er ólokið (2006).

31 Skólahúsið

Byggingarár: 2002-2006.

Hönnuðir: Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitektar eftir mælingu og ljósmyndum af gamla skólahúsinu sem byggt var árið 1909 eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar húsameistara.

Árið 1909 var byggt á þessum stað skólahús úr steinsteypu. Sunnan megin í því voru tvær rúmgóðar og bjartar skólastofur. Húsið var rífið 1992.¹⁰⁹ Á grunni þess var byggt nýtt sumardvalarhús með tveimur íbúðum sem að ytra útliti tekur mið af útliti gamla skólahússins.

Skólahúsið er einlyft steinsteyppt hús með lágt risþak, að hluta til portbyggt. Íbúð er í hvorum helmingi hússins. Veggir eru múrhúðaðir og sökkulbrún á þeim neðarlega. Þak er bárujárnsklætt, reykháfur er á mæni á miðju húsi, tvískiptur þakgluggi er á mæni hvorum megin hans og tveir þakgluggar á norðurhlið. Fjórir stórir tvíkrosspóstagluggar eru á suðurhlið hússins. Ofan þverpósts eru þrjár fjöggra rúðu rammar en að neðan tveir þriggja rúðu rammar og einnar rúðu rammi fyrir miðju. Á bakhlið eru tvennar útídyr og fjórir tveggja rúðu gluggar, tveir sex rúðu krosspóstagluggar eru á austurstafni og einn á vesturstafni auk dyra með tvöföldum vængjahurðum. Efst á gafhláði hvorum megin er fjöggra rúðu hringgluggi.

Í vesturhluta hússins er herbergjaskipan með þeim hætti að inn af útídyrum er forstofa og stigi. Austan megin anddyris er baðherbergi en herbergi við vesturgaf. Við suðurhlið er stofa og eldhús og rýmið opið upp undir súð en hluti rishæðar gengur inn yfir stofuna. Upp af stiga er framloft, kames við norðurhlið og herbergi við vesturgaf. Veggir eru ýmist klæddir strikuðum panelborðum eða sléttum plötum. Loft er plötuklætt neðan á bita en súð panelklædd.

Geymsluskúr með kyndiklefa er norðan við húsið. Veggir eru klæddir slagpili og á skúrnum er torflagt skúrþak.

32 Dæluhús í Skansmýri

Byggingarár: 1999.

Hönnuðir: Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitektar.¹¹⁰

Austarlega í Skansmýri, vestan skólans, er lítið torfhús, byggt yfir vatnsdælu sem tengd er við brunna í mýrinni.



Skólahúsið séð frá norðvestri.



Geymsluskúr við norðurhlið skólahússins, Sólheimar fjær.



Suðurhlið og vesturstafn skólahússins.

33 Alheimur

Byggingarár: 1922.

Hönnuður: Sigurður Jóhannsson.¹¹¹

Breytingar: Húsið var klætt sléttu járni en sett var á það vatnslæðning 2006 og T-pósta gluggar í stað glugga með þverpósti. Gluggi var settur á norðurstafn niðri þar sem ekki var gluggi áður. Þegar unnið var að viðgerð hússins kom í ljós að stóðir í veggjum eru eykarbönd úr skipi.¹¹²



Alheimur klæddur sléttu járni snemmsumars 2006.



Alheimur klæddur vatnslæðningu síðla sumars 2006.



Hjallur við Alheim.

Árið 1838 byggði Ólafur Jónsson skipstjóri og beykir torfbæ á þessum stað og sem nefndur var Alheimur. Bergþór Einarsson (1883-1941) sjómaður fékk Sigurð Jóhannsson til að smíða timburhús í stað torfbæjarins árið 1922 og bjó þar með konu sinni Ingibjörgu Jónsdóttur (1890-1953). Húsið var um tíma nefnt Berþórshvoll en nafnið Alheimur var tekið upp aftur. Eftir þau bjó hér Sveinbjörn Pétur Guðmundsson kennari og fræðimaður frá Skáleyjum. Sigurberg Bogason trésmiður og Kristín Guðjónsdóttir eignuðust húsið 1951 og bjuggu í því til 1957.¹¹³

Alheimur er einlyft portbyggt timburhús með risþak. Við austurhlið þess er anddyri með skúrþak. Húsið stendur á steinsteiptum sökkli, veggir eru klæddir láréttum strikuðum borðum, þak er bárujárnslætt og reykháfur á mæni. Á húsinu eru sex þriggja rúðu T-póstagluggar; tveir á hverri hlið nema á austurhlið sem er gluggalaus. Einnar rúðu gluggi er á anddyri og útidyr á suðurhlið þess.

Í anddyri er forstofa og baðherbergi innst. Eldhús með stiga er í norðurenda hússins og stofa í suðurenda. Framloft er upp af stiga og herbergi við suðurgafli. Veggir og loft í anddyri eru ófrágengin. Veggir hússins eru plötuklæddir og að auki er hluti veggja í risi klæddur strikuðum panelborðum. Loft í eldhúsi er plötuklætt neðan á bita en í stofu er klætt með plötum á milli bita og í risi er súð klædd strikuðum panelborðum og plötum.

34 Hjallur við Alheim

Byggingarár: Um 1943 við Alheim.

Athugasemd: Hjallurinn var byggður við Beykishús fyrir 1935 en dreginn á svelli að Alheimi um 1943.¹¹⁴

Hönnuður: Ókunnur.

Norðan við Alheim er hjallur, einlyft timburhús með risþak. Veggir og þak eru klædd bárujárni. Tveggja rúðu gluggi er á vesturstafni og tveir einnar rúðu gluggar á suðurhlið og á milli þeirra á miðri hliðinni eru dyr með okahurð. Geymsla er þiljuð af í austurenda hússins en yfir því er opið upp undir mæni stafna á milli. Veggir eru þéttklæddir undir bárujárni; með gömlu efni að ofan en nýlegu að neðanverðu þar sem áður voru rimar. Þak er borðaklætt á sperrur.

Hús við Holustíg

35 Bræðraminni

Byggingarár: 1915.¹¹⁵
Hönnuður: Ókunnur.

Á þessum stað stóð Snikkaraskemma, torfhús sem Jóhannes Ísleifsson snikkari byggði. Að honum látnum bjó séra Guðjón Hálfðanarson í húsinu.¹¹⁶ Hermann og Þorvarður synir Kristjáns S. Jónssonar skipstjóra og Bjargar Jörgensdóttur í *Gunnlaugs-húsi* byggðu Bræðramynni árið 1915 og bjuggu þar með móður sinni eftir að faðir þeirra lést. Eftir að Hermann lést 1921 og Björg 1933 bjó Þorvarður í Bræðramynni með fjölskyldu sinni.¹¹⁷

Bræðraminni er einlyft portbyggt steinsteypt hús með lágt risþak. Húsið er T-laga að grunnformi; meginhluti þess snýr í norður-suður en við vesturhlið þess er viðbygging í vestur-austur. Veggir eru múrhúðaðir og þök eru klædd trapisumótuðum plötum. Reykháfur er á mæni og á austurhlið er þakkvistur með lágt risþak og einnar rúðu glugga. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með lóðréttum pósti og þverpóstum; tveir á vesturhlið og tveir á hverjum stafni. Í glugga á gafflhlaði að vestanverðu er þó sex rúðu rammi. Útidyr eru á suðurhlið viðbyggingar og tréfallur framan þeirra og fram með suðurstafni.

Forstofa er inn af dyrum, baðherbergi í vesturenda og gangur í miðju húsinu næst forstofu. Stofa er í suðurenda, eldhús í norðurenda og stigi upp á loft. Baðstofa er upp af stiga og herbergi við suðurgافل og vesturgافل. Veggir eru ýmist klæddir panelborðum eða plötum og loft á jarðhæð eru plötuklædd á milli bita, súð í baðstofu er plötuklædd en panelklædd í herbergjunum tveimur.

36 Hjallur við Bræðraminni

Byggingarár: 1945.¹¹⁸
Hönnuður: Ókunnur.

Hjallur er við austurhlið hússins, einlyft timburhús með lágt risþak. Veggir eru klæddir slagþili en neðri hluti austurhliðar og norðurgafils er klæddur með yfirborðum slagþilsins. Þak er klætt trapisumótuðum plötum. Dyr með okahurð eru á suðurstafni og einnar rúðu gluggi hvorum megin þeirra. Afþiljuð geymsla er í suðvesturhluta hjallsins. Veggir eru óklæddir að innan, þverbitar eru milli veggja og borðaklædd súð á sperrum opin upp undir mæni.



Bræðraminni, suðurhlið.



Bræðraminni, vesturhlið.



Hjallur við Bræðraminni.



Bogabúð og Berg t.v.



Allir steypujárnsgluggar í Bogabúð hafa verið endurgerðir í upprunalegri mynd.

37 Bogabúð

Byggingarár: 1908-1910.¹¹⁹

Hönnuður: Bogi Guðmundsson kaupmaður og smiður.

Breytingar: Gólf lækkað í meginbyggingu og veggir einangraðir og múrhúðaðir að innan.

Bogi Guðmundsson (1877-1965) trésmiður og kaupmaður nam trésmíð hjá Magnúsi vert Magnús-syni og vann m.a. við endursmíði Hagakirkju á Barðaströnd 1897-1899. Hann skar rúmþjalir og kistla og smíðaði líkkistur. Bogi byggði Bogabúð 1908-1910 þar sem áður stóð torfhúsið Svalbarði og var verkstæði trésmíðs. Húsið er byggt úr steinsteypu sem drýgð er með grjóti eins og glögglega sést í brotsári nýlegs hurðargats inn af forstofu. Verslunarrekstur hóf Bogi í einu herbergi í *Bentshúsi* 1908 en rak verslun í Bogabúð 1910-1962. Hann keypti ásamt konu sinni Sigurborgu Ólafsdóttur (1881-1956) *Vertshús* 1936 og ráku þau það til 1946.¹²⁰

Bogabúð er einlyft portbyggt steinsteypthús með lágt risþak og viðbyggingu með skúrþak við austurhlið. Veggir eru múrhúðaðir og sökkulbrún er á þeim neðst. Þak er bárujárnsklætt, reykþáfur með reyrör er á mæni og tveir þakgluggar á austurhlið. Á húsinu eru sex rúðu steypujárnsgluggar sveigðir að ofanverðu; þrjár á hverri hlið en vesturhlið er gluggalaus. Útidyr með spjaldsettri og glerjaðri hurð er á suðurhlið viðbyggingar.

Inn af dyrum er forstofa, geymsla og salerni í suðausturhorni viðbyggingar. Stofa og eldhús er á jarðhæð meginbyggingar og baðstofa í risi en herbergi í norðurenda viðbyggingar. Veggir í forstofu og herbergi eru panelklæddir, geymsla og baðherbergi eru plötuklædd en aðrir veggir múrhúðaðir. Loft í viðbyggingu er plötuklætt en í stofu er loft á bitum og í baðstofu er panelklædd súð milli sperra.

38 Berg

Byggingarár: 1922.

Hönnuður: Jón Jónsson snikkari.¹²¹

Breytingar: Húsið var klætt léttu járn en nýverið hefur það verið klætt bárujárn.

Á þessum stað stóð áður Appolonehús, hlaða sem byggð var úr skipsviðum Appolone sem brotnaði í aftakaveðri í Flateyjarhöfn 1841. Brynjólfur B. Benediktson kaupmaður notaði húsið sem eldiviðargeymslu. Berg byggði Sigurbrandur Jónsson en Árni Einarsson smiður keypti húsið upp úr 1936 og stækkaði það.¹²²

Berg er einlyft portbyggt timburhús með risþak og viðbyggingu með skúrþak við norðurstafn og anddyri með skúrþak við austurhlið. Húsið stendur á steinhlöðnum og steiptum sökkli, veggir eru klæddir bárujárni með blikkáfellum á hornum. Þak er bárujárnsklætt og reykháfur er á mæni. Á húsinu eru tvíkrosspóstagluggar með sex rúðum; tveir á vesturhlið og suðurstaftni og einn á gafhláði að norðanverðu. Á skúrviðbyggingu við norðurstafn eru þrjár þriggja rúðu gluggar með lóðréttum póstum og lítill tveggja rúðu gluggi á austurhlið anddyris. Útidyr með glerjaðri spjaldahurð eru á suðurhlið anddyris. Við húsið að vestan- og sunnanverðu er spilda afgirt með trégirðingu með vírneti. (Húsið var ekki skoðað að innan.)

39 Vegamót

Byggingarár: 1915.

Hönnuður: Jón Ólafsson.¹²³

Á þessum stað stóð áður húsið *Strýta* sem flutt var suður á eyjuna 1922. Bjarni Jónsson (1867-1942) bóndi og verkamaður byggði húsið Vegamót og bjó þar með konu sinni Maríu Jósefsdóttur (1871-1951).¹²⁴

Vegamót er einlyft timburhús með risþak og skúrviðbyggingu við norðurhlið og geymsluskúr við austurgafli. Húsið stendur á steinsteyptum sökkli, veggir eru klæddir bárujárni og hornborðum og þök bárujárnsklædd. Reykháfur er við mæni að norðanverðu. Á húsinu eru krosspóstagluggar með fjórum rúðum; einn á norðurhlið og gafhláði að austanverðu, tveir að sunnanverðu auk eins sex rúðu tvíkrosspóstaglugga og tveir að vestanverðu. Gluggi með fjöggra rúðu ramma er á gafhláði að vestanverðu og á norðurhlið skúrviðbyggingar. Útidyr með tvöföldum hurðum eru á norðurhlið skúrs og aðrar á norðurhlið geymsluskúrs. Lítill geymsluskúr með risþak er norðanvert við húsið.

Inn af dyrum er forstofa, baðherbergi að austanverðu og herbergi í vesturenda. Eldhús er í austurenda hússins, opið upp undir mæni, og stofa í vesturenda og yfir henni svefnloft opið að eldhúsi. Veggir, loft og súð eru klædd strikuðum panelborðum.

40 Hafliðaskemma (Skemman)

Byggingarár: Um 1945.

Hönnuður: Líklega Árni Einarsson.

Fyrir austan Gunnlaugshús byggðu Árni Einarsson og synir hans skemma fyrir bátasmíði sem kölluð er Hafliðaskemma.¹²⁵



Berg fyrir miðri mynd, þá Bogabúð og Bræðraminni fjær.



Vegamót, skúr er við norðurhlið og austurstaftn hússins.



Hafliðaskemma var byggð fyrir bátasmíði.

Hafliðaskemma er einlyft timburhús með lágt risþak og stendur á steinsteyptum sökkli. Klæðning veggja er ófrágengin en þak er klætt bárujárni. Á hvorri hlið þess eru tveir þriggja rúðu gluggar með lóðréttum póstum. Stórar dyr eru á vesturgafli og fyrir þeim þrískiptar vængjahurðir klæddar sléttu járn. Hvorum megin þeirra er einnar rúðu gluggi og þvergluggi að ofan. Unnið er að viðgerð hússins og frágangi ólokið (2006). (Húsið var ekki skoðað að innan.)

Varðveislumat húsa



Ásgarður fékk varðveislugildið 1 í könnuninni.

Sumarið 2005 var gerð á vegum Húsafriðunarnefndar úttekt og mat á friðuðum húsum í Flatey; Bókhlöðunni, Klausturhólum, Gunnlaugshúsi og Hermannshúsi. Var það liður í skráningu friðaðra húsa á Íslandi.

Þegar ákveðið var að gera bæjar- og húsakönnun í Flateyjarþorpi ári síðar fór Húsafriðunarnefnd fram á að innri gerð húsanna yrði einnig skráð með sama hætti og gert hafði verið við friðuð hús. Veitti nefndin m.a. styrk úr Húsafriðunarsjóði í þeim tilgangi. Mörg undanfarin ár hafa verið uppi umræður um varðveislu eða friðun húsa í þorpinu og var skráning húsanna að innan gerð til þess að ákvörðum um slíkt gæti byggst á sem víðtækastri þekkingu á húsunum. Gerð var úttekt og mat á varðveislugildi allra húsa í þorpinu auk Flateyjarkirkju. Skráðar voru upplýsingar um ytri gerð húsanna og frágang hvers herbergis í þeim. Öll húsin voru skráð að utan en ekki varð komist inn í 7 hús þar sem ekki náðist í umráðamenn þeirra og í einu tilviki var neitað um leyfi til skoðunar á húsi að innan. Teknar voru ljósmyndir af húsunum að utan og innan. Upplýsingar um hvert hús voru færðar inn á skráningareyðublöð og í þeim tilvikum, þar sem fleiri en eitt hús er á lóð, var hvert hús skráð sérstaklega. Þegar skráningu húss var lokið var varðveislugildi þess metið.

Varðveislugildi húss er metið út frá byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalegrí gerð og tæknilegu ástandi. Við mat á varðveislugildi eru gefin tölugildi frá 1–9 þar sem hús með hæsta varðveislugildi fá 1. Húsum er skipt í þrjú flokka, þ.e. hús með hátt varðveislugildi (1–3), hús með miðlungs varðveislugildi (4–6) og hús með lágt varðveislugildi (7–9).

Sem dæmi um friðað hús í Flatey má nefna Bókhlöðuna sem fær varðveislugildið (1). Sem dæmi um hús, sem ekki er friðað en hefur hátt varðveislugildi (1-3), má nefna Ásgarð sem fær varðveislugildið (1) og Vegamót sem fær varðveislugildið (3). Sem dæmi um hús með miðlungs varðveislugildi (4-6) má nefna Hafliðaskemmu sem fær varðveislugildið (5) og Skansinn sem fær varðveislugildið (4). Ekkert hús í þorpinu var metið með lágt varðveislugildi (7-9).

Við gildismatið var stuðst við eftirfarandi skilgreiningu í *Leiðbeiningum um gerð bæja- og húsakannana* og við varðveislumatið vó umhverfisgildi og menningarsögulegt gildi hvers húss þungt.

Við mat á gildi húss frá sjónarmiði byggingarlistar er lögð áhersla á hlutföll, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt samspili forms, efnismedferðar og notagildis. Einnig er metið hvort byggingin sé í eðli sínu og út frá staðsetningu góð, miðlungi góð eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem hún flokkast í. Þetta mat tekur jafnt til hefðbundinna húsa og þeirra sem teiknuð eru af arkitektum eða öðrum hönnuðum. Matið er miðað við útlit hússins nú, og skal lagt mat á hugsanlegar breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu. Gildi hússins vegna staðbundinnar byggingarhefðar eða gerðar og handverks er metið. Einnig er tekin afstaða til þess hvort fá dæmi séu til um þá byggingargerð sem húsið telst til. Lagt er mat á hvort í húsinu séu dæmi um tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við þann tíma sem húsið er byggt á.

Við mat á menningarsögulegu gildi byggingar er tekin afstaða til þess hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu eða það standi á sögufrægum stað. Einnig er mikilvægi húss metið eftir því hvort það sé nánast eina byggingin á svæði, þar sem áður fyrr var nokkur byggð, og sé til vitnis um þá byggð og líf sem þar var. Gildi hússins er einnig metið eftir sérstæðri upphaflegri notkun þess t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir eða hafa breyst verulega.

Umhverfisgildi húsa er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götummynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Við mat á uppruna húss er athugað á hvern hátt

upprunaleg gerð þess hefur varðveist og metið er hvernig tekist hefur til með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar. Einnig er lagt mat á hvernig tekist hefur til með breytingar á húsinu, ef þær hafa verið gerðar, og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarluta hússins. Upplýsingar um mikilvægar breytingar og t.d. gamlar ljósmyndir, sem fram hafa komið í frumathugun, eru færðar í reit nr. 56. Hugað er að því hvort samsvörun sé á milli þess sem byggt var og er sjáanlegt í dag og húsið þannig til vitnis um þá verkmenningu sem ríkjandi var á byggingartíma þess.

Við mat á tæknilegu ástandi húss er aðgætt hvort því er haldið vel við og enn fremur lagt mat á almennt tæknilegt ástand þess.

Endanlega er varðveislugildi húss metið eftir öllum þeim gildum sem áður hafa verið metin. Þó er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að mat á varðveislugildi hússins er ekki meðaltal þeirra gilda sem gefin hafa verið áður. Gildi hússins frá sjónarmiði byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vegur þyngst þegar varðveislugildi þess er metið. Hús sem metin eru með varðveislugildi 1–4 teljast hafa menningarsögulegt og listrænt gildi.¹²⁶

Varðveislugildi húsa getur verið mjög mismunandi eftir því hvort litið er til mikilvægis húss fyrir umhverfi þess eða til varðveislusjónarmiða með tilliti til menningarverðmæta. Við bæja- og húsakönnun er fyrst og fremst litið til mikilvægis hvers húss fyrir umhverfi sitt og sveitarfélagið og varðveislugildi þess metið út frá því.¹²⁷ Vegna sérstöðu þorpsbyggðarinnar var einnig lögð áhersla á að meta varðveislugildi húsanna með tilliti til menningarverðmæta.

Niðurstöður úttektar og mats á húsum eru sett fram í texta og ljósmyndum og ekki síst á kortum þar sem sýnt er byggingarefni húsa, byggingarár eða - tímabil og varðveisluflokkar. Niðurstöður á varðveislumati byggðar og einstakra húsa eru sýndar á korti, húsverndarkorti, þar sem eftirfarandi verndarflokkar eru auðkenndir:

- *Friðuð hús*, hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918 auk húsa sem friðuð eru af menntamálaráðherra, auðkennd með bláum lit (Pantone 286 C).
- *Einstök hús, húsaðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit (Pantone 185 C).

- *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit (Pantone 102 C).¹²⁸

Í samningi milli sveitarstjórnar, Húsafríðunarnefndar og verktaka segir m.a.: *Niðurstöður bæjar- og húsakönnunar í Flatey skulu notaðar til þess að marka heildarstefnu um framtíð þorpsins – húsa og umhverfis – í náninni samvinnu sveitarstjórnar, eigenda, Húsafríðunarnefndar og annarra lögaðila.*¹²⁹

Niðurstöður varðveislumats

Við kannanirnar 2005 og 2006 fengu eftirtalin hús hátt varðveislugildi (1-3): Flateyjarkirkja (1), Bókhlaðan (1), Hermannshús og Gunnlaugshús (1), Ásgarður (1), Vogur (1), Eyjólfshús (1), Eyjólfspakkhús (1), Stórapakkhús (1), Vorsalir (1), Bentshús (1) og Vertshús vesturendi (1); Klausturhólar (2) og Bjarg (2); Sólbakki (3), pakkhús norðan við Hermannshús (3), Ásgarðshjallur (3), Vinaminni (3), Vertshús austurendi (3), Strýta (3), Einarshús (3), Skólinn (3), Sólheimar (3), Alheimur (3), hjallur við Alheim (3), Bræðraminni (3), hjallur við Bræðraminni (3), Bogabúð (3), Berg (3) og Vegamót (3).

Eftirtalin hús fengu miðlungs varðveislugildi (4-6) við könnunina 2006: Sunnhvoll (4), Skansinn (4) og Bjössahjallur norðan við Stórapakkhús (4); útihús við Sólheima (5), geymsluskúr við Skólann (5), Hafliðaskemma (5) og Hjáleigan (5); Myllustaðir ásamt geymslu (5).


Niðurstöður varðveislumats sýna að 8 hús næst Kaupborgi hafa fengið hæsta gildið (1) þar af tvö við Vertshússtíg og eitt hús gildið (2). Af húsum umhverfis Skansmýri hafa 14 fengið varðveislugildið (3) en sex þeirra miðlungs varðveislugildi (4-6). Unnið er að viðgerð þriggja þessara húsa en hin þrjú eru byggð á síðasta áratug. Hátt varðveislugildi (1-3) hafa því fengið 22 hús í þorpinu og við þau bætast Gunnlaugshús og Hermannshús og húsin þrjú á Bókhúsflöt eða 26 hús samtals en 6 hús fengu miðlungs varðveislugildi (4-6).

Þessar niðurstöður sýna með ótvíræðnum hætti að húsin í Flateyjarþorpi hafa mjög mikið gildi sem menningarverðmæti ekki aðeins fyrir íbúa sveitarfélagsins heldur fyrir landsmenn alla.

Þorpið í Flatey Byggða- og húsakönnun 2006





Varðveislumat


- Friðuð hús
- Varðveislugildi 1
- Varðveislugildi 2
- Varðveislugildi 3
- Varðveislugildi 4
- Varðveislugildi 5



Þorpið í Flatey Byggða- og húsakönnun 2006

Flokkun hverfisverndar

-  Friðuð hús
-  Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.
-  Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.
-  Mörk hverfisverndarsvæðis skv. aðalskipulagi 2006-2018



Tilvísanir

- ¹ Eysteinn G. Gíslason. Eyjar í Barðastrandarsýslu, 135-136; Ævar Harðarson og Gunnar Valur Gíslason. *Flatey á Breiðafirði. Aðalskipulag 1990-2010*, 15.
- ² Upplýsingar frá Jóhannesi Gíslasyni í Skáleyjum.
- ³ Ævar Harðarson og Gunnar Valur Gíslason. *Flatey á Breiðafirði. Aðalskipulag 1990-2010*, 15 og 19.
- ⁴ Ólafur Sívertsen. Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandarsýsla, 116-192; Eysteinn G. Gíslason. *Eyjar í Barðastrandarsýslu*, 138-140; Ævar Harðarson og Gunnar Valur Gíslason. *Flatey á Breiðafirði. Aðalskipulag 1990-2010*, 16-17.
- ⁵ Ólafur Sívertsen. Barðastrandarsýsla. Sóknarlýsingar Vestfjarða I, 122-123; Eysteinn G. Gíslason. *Eyjar í Barðastrandarsýslu*, 140; Ævar Harðarson og Gunnar Valur Gíslason. *Flatey á Breiðafirði. Aðalskipulag 1990-2010*, 17.
- ⁶ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 85-95.
- ⁷ Lýður Björnsson. Flatey verður verslunarstaður, 157-183.
- ⁸ Ólafur Olavíus. *Ferðabók* II, 240-243; Lýður Björnsson. Flatey verður verslunarstaður, 157-183; Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson, 155-159.
- ⁹ Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson, 159 -160, 171-173.
- ¹⁰ Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson, 308-312.
- ¹¹ Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson, 404-405; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 184; Eylenda II, 49, 62, 69, 121-122, 287.
- ¹² Þorsteinn Jónsson. Eylenda II, 49, 84.
- ¹³ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. Ýmsir viðburðir 1907, 113-114, X. Húsin í Flatey, 671-673; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 118.
- ¹⁴ Þorsteinn Jónsson. Eylenda II, 194.
- ¹⁵ Þorsteinn Jónsson. Eylenda II, 213, 239, 246
- ¹⁶ Þorsteinn Jónsson. Eylenda II, 257, 278
- ¹⁷ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 135, 169.
- ¹⁸ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 220; Upplýsingar frá Guðmundi Páli Ólafssyni.
- ¹⁹ Löwenörn, Poul de. *Andet Hefte af Beskrivelsen over den Iislandske Kyst og de der værende Havne henhörende til Kaartet No. 2 over Kysten fra Sneefields-Jökelen til Kap-Nord samt Kaartet No. 3 over Skagestrands Bugt*, 11. Udgivet fra det Kongelige Søekaarte-Archiv 1818. Kiöbenhavn 1818.
- ²⁰ Ólafur Sívertsen. Barðastrandarsýsla. Sóknarlýsingar Vestfjarða, I. 121-122.
- ²¹ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 189-190, 199; Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleyfð I, 163.
- ²² Guðmundur L. Hafsteinsson. Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, 17. Handrit 11. mars 2007.
- ²³ Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. I Flateyarkirkja, 573-580. Jens Hermannsson.
- ²⁴ Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. I Flateyarkirkja, 573. Jens Hermannsson; Hjörleifur Stefánsson, Þorsteinn Bergsson og Finnbogi Guðmundsson. *Bókhlaðan í Flatey*, 4.
- ²⁵ Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. I Flateyarkirkja, 577. Jens Hermannsson.
- ²⁶ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Friðunarskjal Bókhlöðunnar í Flatey.
- ²⁷ Hjörleifur Stefánsson, Þorsteinn Bergsson og Finnbogi Guðmundsson. *Bókhlaðan í Flatey*, 17-21.
- ²⁸ Hjörleifur Stefánsson, Þorsteinn Bergsson og Finnbogi Guðmundsson. *Bókhlaðan í Flatey*, 13-14.
- ²⁹ Guðmundur L. Hafsteinsson. Friðuð hús á Íslandi. Skrá og byggingarlýsingar. Handrit 1. október 2006.
- ³⁰ Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 692. Jens Hermannsson.
- ³¹ Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleyfð II, 159.
- ³² Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Friðunarskjal Klausturhóla í Flatey.
- ³³ Árni Magnússon. Um klaustrin. Blanda II. Sögurit XVII; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 158, 198.
- ³⁴ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 184.
- ³⁵ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 106.
- ³⁶ Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 692-693. Jens Hermannsson; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 122-123.
- ³⁷ Guðmundur L. Hafsteinsson. Friðuð hús á Íslandi. Skrá og byggingarlýsingar. Handrit 1. október 2006.
- ³⁸ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 208.
- ³⁹ Gyða Steinsdóttir. Viðtal 2006.
- ⁴⁰ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 211.
- ⁴¹ Í Eylendu I, 180, er skrifað að Guðmundur B. Scheving hafi byggt húsið 1843 en Guðmundur lést 1837.
- ⁴² Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 185.
- ⁴³ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Sveinn Gunnlaugsson. Benediktenshús í Flatey; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 180, 182, 183.
- ⁴⁴ Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson.
- ⁴⁵ Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. aldar. Jens Hermannsson.
- ⁴⁶ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 127, 144, 185. Rv. 1996.
- ⁴⁷ Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson, 468.
- ⁴⁸ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ⁴⁹ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Friðunarskjal Félagshúss og Gunnlaugshúss í Flatey.
- ⁵⁰ Guðmundur L. Hafsteinsson. Friðuð hús á Íslandi. Skrá og byggingarlýsingar. Handrit 1. október 2006.
- ⁵¹ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ⁵² Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ⁵³ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Friðunarskjal Félagshúss og Gunnlaugshúss í Flatey.
- ⁵⁴ Guðmundur L. Hafsteinsson. Friðuð hús á Íslandi. Skrá og byggingarlýsingar. Handrit 1. október 2006.
- ⁵⁵ Grétar Markússon, Stefán Örn Stefánsson og Þorsteinn Bergsson. Viðtal 2007.
- ⁵⁶ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977; Lýður Björnsson. Flatey verður verslunarstaður, 172-173.
- ⁵⁷ Sbr. Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Stefán Örn Stefánsson. Ásgarður í Flatey. Byggt 1907. Örstutt ágríp af byggingarsögu hússins.
- ⁵⁸ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Stefán Örn Stefánsson. Ásgarður í Flatey. Byggt 1907. Örstutt ágríp af byggingarsögu hússins.
- ⁵⁹ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 673.

- ⁶⁰ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. Ýmsir viðburðir 1907, 113-114, X. Húsin í Flatey, 671-673; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 118.
- ⁶¹ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. Ýmsir viðburðir 1907, 113-114.
- ⁶² Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Stefán Örn Stefánsson. Ásgarður í Flatey. Byggt 1907. Örstutt ágríp af byggingarsögu hússins.
- ⁶³ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 118, 158.
- ⁶⁴ Fasteignamat ríkisins. Fasteingaskrá.
- ⁶⁵ Þí. Endurskoðun. Rev. B III 14. Manntalsbókarreikningur Barðastrandasýslu 1886 fylgiskjal nr. 14. Lýsing Eyjólfsshús og Vogs 30. mars 1886.
- ⁶⁶ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Jon Nordsteien og Ólöf Flygenring. Vogur í Flatey. Tillaga að viðgerðum og endurbótum að utan.
- ⁶⁷ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Jon Nordsteien og Ólöf Flygenring. Vogur í Flatey. Tillaga að viðgerðum og endurbótum að utan.
- ⁶⁸ Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson, 681-682.
- ⁶⁹ Þorsteinn Jónsson. Eylenda II, 278. Rv. 1996.
- ⁷⁰ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 684-685.
- ⁷¹ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 218.
- ⁷² Þí. Endurskoðun. Rev. B III 14. Manntalsbókarreikningur Barðastrandasýslu 1886 fylgiskjal nr. 14. Lýsing Eyjólfsshús og Vogs 30. mars 1886; Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 688.
- ⁷³ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 113, 124, 175. Rv. 1996.
- ⁷⁴ Steinn Ágúst Baldvinsson. Viðtal 2006.
- ⁷⁵ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 253.
- ⁷⁶ Þorsteinn Bergsson. Viðtal 2010.
- ⁷⁷ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 179.
- ⁷⁸ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Stefán Örn Stefánsson. Eyjólfsþakkhús í Flatey. Lagfæringar og endurbýgging.
- ⁷⁹ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 706; Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ⁸⁰ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 706.
- ⁸¹ Þorsteinn Bergsson. Viðtal 2006 og 2007.
- ⁸² Þorsteinn Bergsson. Viðtal 2010.
- ⁸³ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 126, 204; Eylenda II, 302.
- ⁸⁴ Þí. Endurskoðun Rev. B III 28b. Skrá um húseignir þær í Barðastrandarsýslu, er settar eru í skatt samkvæmt lögum um hússkatt 14. desember 1877, árið 1895, lýsing hússins skráð 8. og 9. janúar 1896; Húsið er sagt munu vera byggt 1885 í Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 705.
- ⁸⁵ Guðjón Friðriksson. Pétur A. Ólafsson útgerðarmaður. Þeir settu svip á öldina, 1.b., 205-206.
- ⁸⁶ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 220.
- ⁸⁷ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Guðmundur P. Ólafsson. Greinargerð með umsókn. Dagsett 18. janúar 1996.
- ⁸⁸ Upplýsingar frá Guðmundi Páli Ólafssyni.
- ⁸⁹ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 207; Upplýsingar frá Guðmundi Páli Ólafssyni.
- ⁹⁰ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 204.
- ⁹¹ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ⁹² Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 135, 163-164.
- ⁹³ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ⁹⁴ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 702; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 181, 214.
- ⁹⁵ Þí. Endurskoðun Rev. B III 18b. Skrá um húseignir þær í Barðastrandarsýslu, er settar eru í skatt samkvæmt lögum um hússkatt 14. desember 1877, árið 1887, lýsing hússins skráð 15. desember 1887; Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 685.
- ⁹⁶ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 110.
- ⁹⁷ Guðmundur L. Hafsteinsson. Skrá yfir friðuð hús, 29.
- ⁹⁸ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 135.
- ⁹⁹ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 685-686; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 214; Jón Bogason. Viðtal 2006; Upplýsingar frá Guðmundi Páli Ólafssyni.
- ¹⁰⁰ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ¹⁰¹ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 203.
- ¹⁰² Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ¹⁰³ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 210; Upplýsingar frá Guðmundi Páli Ólafssyni.
- ¹⁰⁴ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 687.
- ¹⁰⁵ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 167.
- ¹⁰⁶ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 694.
- ¹⁰⁷ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 173.
- ¹⁰⁸ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 209.
- ¹⁰⁹ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 207.
- ¹¹⁰ Grétar Markússon, Stefán Örn Stefánsson og Þorsteinn Bergsson. Viðtal 2007.
- ¹¹¹ Kristín Guðjónsdóttir. Viðtal 2006.
- ¹¹² Guðjón Sigurbergsson. Viðtal 2006.
- ¹¹³ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 704-705; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 156.
- ¹¹⁴ Kristín Guðjónsdóttir. Viðtal 2006.
- ¹¹⁵ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 703.
- ¹¹⁶ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 172.
- ¹¹⁷ Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 703-704.
- ¹¹⁸ Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá.
- ¹¹⁹ Skjalasafn Húsafríðunarnefndar. Umsókn í Húsafríðunarsjóð 1990 fyrir Bogabúð.
- ¹²⁰ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 135, 169.
- ¹²¹ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ¹²² Lbs. 4502 4 to. Jens Hermannsson. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. X. Húsin í Flatey, 704; Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 158, 165.
- ¹²³ Húsafríðunarnefnd. Skjalasafn. Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- ¹²⁴ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 211.
- ¹²⁵ Þorsteinn Jónsson. Eylenda I, 207.
- ¹²⁶ Guðmundur L. Hafsteinsson. Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, 38-39. Handrit 11. mars 2007.
- ¹²⁷ Guðmundur L. Hafsteinsson. Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, 19. Handrit 11. mars 2007.
- ¹²⁸ Guðmundur L. Hafsteinsson. Byggða- og húsakönnun. Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags. 6. október 2009. Húsafríðunarnefnd. Heimasíða.
- ¹²⁹ Samningur um bæjar- og húsakönnun í Flatey á Breiðafirði, maí 2006.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Árni Magnússon. Um klaustrin. Blanda. *Fróðleikur gamall og nýr* II. Reykjavík 1921.
- Eysteinn G. Gíslason. *Eyjar í Barðastrandarsýslu*. Árbók Ferðafélags Íslands 1989.
- Guðmundur L. Hafsteinsson. *Skrá yfir friðuð hús*. Húsafriðunarnefnd 2000.
- Guðjón Friðriksson. *Pétur A. Ólafsson útgerðarmaður*. Þeir settu svip á öldina, 1. b. 1987.
- Hjörleifur Stefánsson, Þorsteinn Bergsson og Finnboogi Guðmundsson. *Bókhlaðan í Flatey*. 1988.
- Hörður Ágústsson. *Af minnisblöðum málara*. Birtingur 3. og 4. hefti 1964.
- Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð* I og II. Reykjavík 1998 og 2000.
- Lýður Björnsson. *Flatey verður verslunarstaður*. Ársrit Sögufélags Ísafirðinga. 2002.
- Löwenörn, Poul de. *Andet Hefte af Beskrivelsen over den Iislandske Kyst og de der værende Havne henhørende til Kaartet No. 2 over Kysten fra Sneefields-Jökelen til Kap-Nord samt Kaartet No. 3 over Skagestrands Bugt*. Udgivet fra det Kongelige Søekaarte-Archiv 1818. Kiöbenhavn 1818.
- Ólafur Olavíus. *Ferðabók* II. Reykjavík 1965.
- Ólafur Sívertsen. *Barðastrandarsýsla*. *Sóknarlýsingar Vestfjarða*, I. Reykjavík 1952.
- Þorsteinn Jónsson. *Eylenda* I og II. Reykjavík 1996.
- Ævar Harðarson og Gunnar Valur Gíslason. *Flatey á Breiðafirði. Aðalskipulag 1990-2010*. Greinargerð 1992.

Óprentaðar heimildir

Handritadeild Landsbókasafnsins

- Lbs. 4501 4to. Saga Flateyjarhrepps. Gísli Konráðsson og Hermann S. Jónsson.
- Lbs. 4502 4to. Saga Flateyjarhrepps 20. öld. Jens Hermannsson.

Skjalasafn Húsafriðunarnefndar ríkisins

- Drög að húsakönnun í Flatey 1977.
- Friðunarskjöl einstakra húsa.
- Guðmundur L. Hafsteinsson. Friðuð hús á Íslandi. Skrá og byggingarlýsingar. Handrit 1. október 2006.
- Guðmundur P. Ólafsson. Greinargerð með umsókn. Dagsett 18. janúar 1996.

-
- Jon Nordsteien og Ólöf Flygenring. Vogur í Flatey. Tillaga að viðgerðum og endurbótum að utan. Apríl 2000.
- Stefán Örn Stefánsson. Ásgarður í Flatey. Byggt 1907. Örstutt ágríp af byggingarsögu hússins. September 1998.
- Stefán Örn Stefánsson. Eyjólfspakkhús í Flatey. Lagfæringar og endurbygging. Maí 1991.
- Sveinn Gunnlaugsson. Benediktshús í Flatey.

Þjóðskjalasafn Íslands

- ÞÍ. Endurskoðun. Rev. III 14, 24b og 28b.
Barðastrandarsýsla 1886, 1892 og 1896.

Viðmælendur

- Grétar Markússon
Guðjón Sigurbergsson
Gyða Steinsdóttir
Jón Bogason
Kristín Guðjónsdóttir
Stefán Örn Stefánsson
Steinn Ágúst Baldvinsson
Þorsteinn Bergsson.